# Bréfabók borgarstjóra. 3. sept. - 15. júní. 1909-1910

## Aðfnr. 230, 2. hluti

Bréf 3. sept. 1909 – 4. nóv. 1909

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. '09

1

Á fundi í gær synjaði bæjarstjórnin yður um leyfi að mega breyta skúr við vesturgafl húss yðar Nýlendugötu 16. –

Þetta tilkynnist yður hjer með

Herra
Einar Jónsson, Nýlendugötu 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B C D E F G H I J K L M Mc N

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. '09 2

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að taka einn glugga af fjórum úr götuhlið kjallarans undir húsi yðar, Bergstaðastræti 29 og gera dyr með hurð í staðinn. Inngöngurið þarf engin.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Gunnar Björnsson, Bergstaðastr. 29.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. 1909

3

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft Sláturfjelagi Suðurlands að breyta tveim loptopum á vesturhlið sláturhússins í glugga og fara þá niður um 1 alin. Ennfremur að mega setja hurðir sem opna má í stað 4. loptopa á austur og vesturhlið sama húss.

Þetta tilkynnist hjer með. –

Til
Sláturfjelags Suðurlands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. '09

4

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefir á fundi í gær veitt samþykki sitt til, að breyta megi geymsluhúsi yðar, Bergstaðastræti 11a í íbúðarhús samkv. uppdrætti þeim, er fylgdi umsókn yðar dags. 19. f. m. —

Herra
slátrunarmeistari Tómas Tómasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 63

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. 1907.

5

Bæjarstjórnin hefur í gær leyft yður að reisa bráðabyrgðaskýli 12° x 12° x 8½° á hæð og skúr 5½° x 12°, á bletti þeim, er þjer hafið fengið hjá bæjarstjórninni til 15 ára. Bletturinn er á hverfinu milli Slátuhússins Jóns Þórðarsonar að vestan og Mithúsalóðar að austan, en lóðar bóndans á Vatnsstíg 16 2 að sunnan.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
Bergur Einarsson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 3

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. '09 6

Bæjarstjórnin hefur leyft yður að byggja geymsluskúr, 6"x4" að ummáli og að metallali 3¼" á hæð, bak við húsið Vesturg. 14, samkv. beiðni yðar dagsett 27. f. m. –

Til
Katrínar Jóhannesdóttur, Vesturg. 14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. 1909

7

Bæjarstjórnin hefur veitt leyfi sitt til að breikka anegi gang um eina alin milli gamla og nýja skólans í Landakoti og að gera salerni við ganginn og innangengt í það. —
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með. —

Velæruverðugi
herra prestur J. Servaes, Landakoti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9 3

8

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. '09

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður, að gera kvistglugga á bakhlið húss yðar nr. 7 við Grundarstíg, samkv. beiðni yðar 5. f. m. –
Þetta tilkynnist yður hjermeð. –

Herra
Högni Finnsson
Grundarstíg 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept '09 9

Hjer með tilkynnist yður, herra steinsmiður, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær, leyft yður að stækka húsið „Grettir“ nyrðri til íbúðar, samkvæmt uppdrætti þeim er fylgdi beiðni yðar dagð. 13. s. m. –

Herra
steinsmiður Julius Schou

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. sept. 1909

1

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær synjað yður um leyfi til að mega hafa báða stiga í húsi yðar á Norðurstíg uppað sama þilinu einföldu, og er lagt fyrir yður að gera veggina milli stiganna samkvæmt byggingarsamþykkt bæjarins. –

Herra
Guðjón J. Jónsson, Norðurstíg. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. sept. '09

Byggingarnefnd hefur fyrir sitt leyti leyft yður að setja reykháf á pakkhúsið við Fischerssund 3 og breyta kjallaranum í járnsmiðju að tilskyldu samþykki brunamálanefndarinnar.
Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
járnsmiður Sigmundur Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4.sept.1909

12

Fátækranefndin hefur orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði Sigurbjargar Guðmundsdóttur á Landakotsspítalanum og samkvæmt þeirri ábyrgð orðið að greiða 76 kr. eins og meðfylgjandi reikningur sýnir. Æfiferilsskýrsla nefndrar Sigurbjargar Guðmundsdóttur fylgir hjér með, og samkvæmt henni er enginn vafi á því, að Sigurbjörg er sveitlæg í Rosmhvalaneshreppi hinum forna eða í Gerðahreppi. Eru það því tilmæli mín að þjer, herra sýslumaður, innheimtið 2/3 hluta af fátækrastyrk þessum hið fyrsta hjá hreppsnefnd þess hrepps.

Til

sýslumannsins í Gullbringu-og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

2. sept. 1909

113

961

Árið 1908, var hjer i bænum lagt aukaútsvar á Ólaf kaupmann Árnason frá Srokkseyri, er þá var álitinn að eiga heima hjer i bænum. Útsvar þetta, sem var að upphæð 100 kr., hefur Ólafur neitað að greiða og bæjarfógetinn hjer hefur álitið, að útsvarið gæti ekki orðið tekið lögtaki hjer ibænum þar sem Ólafur nú eigi heima á Stokkseyri. Jeg sendi yður því, herra sýslumaður, hjer með útsvarsseðil nefnds Ólafs kaupmanns Árnasonar, og bið jeg yður, að láta taka það lögtaki við fyrstu hentugleika.

Brjef Ólafs dags. 20. ágúst f.á., þar sem hann mótmælir að greiða útsvarið, sem og skrif þau er farið hafa milli min og bæjarfógetans um þetta, sendi jeg einnig hjer með.-

Til

sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
4. sept. 1909

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækrastjórnin hefur lofað að greiða 4 kr. á mánuði i húsaleigu fyrir Herdisi Guðjónsdóttur á Bergstaðastræti, í stað þess að húsaleigan var áður ákveðin 3 kr. á mánuði.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. ingeniör H. A. Hansen!

1/5

Hoslagt sender jeg dem til erklæring en afskrift af en indberetning fra bygningsingeniör, hr. Sigurdur Thoroddsen, angående resultatet af en undersögelse han har foretaget af vandledningen på strækningen fra Ellidaelven til Rauðarárholt, hvorefter han har fundet adskillige mangler ved den. Jeg venter deres erklæring ved allerförste lejlighed og en grundig undersögelse må finde sted for at få det tilstrækkelig oplyst om der på denne strækning er fra entreprenörernes side gjort et kontraktstridigt arbeide.

Jeg bemærker at ingeniör Thoroddsen har foretaget denne undersögelse uden at vandværksudvalget vidste noget om det.

Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. sept. '09

16

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 20 - tuttugu krónur - sem er endurgjald frá Mýrahreppi á 2/3 hlutum styrks þess, er þ. 18. júní var veittur konu Guðmundar Jóhannessonar, Nýlendugötu 15a.-

Kvittun óskast.-

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. septbr. 9 17

Með brjefi dags. 27. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 20 - tuttugu krónur sem er endurgjald á styrkveitingu konu Guðm. Jóhannssonar þ. 18. júní þ. á.
Fyrir greiðslu þessari kvittast hjer með.

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavík
d. 7. sept. '09

'18

Idet jeg formoder at mit brev af 19. marz d. å. tilligemed de dermed fölgende dybdemaalinger etc af havnen er rettidig kommet dem ihænde, tillader jeg mig at forespörge, om havnekommissionen kan snart vente at faa deres forslag og projekt til havnebygning her.

Med höjagtelse

Hr.
Havnedirektör G. Smith

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.sept.1909



Hjer með tilkynnist sláturfjelaginu, að hafnarnefnd og bæjarstjórn hafa leyft aðflytja megi steinbryggju fjelagsins og hlaða hana aptur upp í klöppunum að vestanverði við Frostastaðavör. Leyfi þetta er þó bundið þeim skilyrðum

að bryggjueigandi taki bryggjuna burtu bænum að kostnaðarlausu hvenær sem þess verður krafist af hafnarnefnd, ef gjörð verða hafnarvirki þar sem bryggjan stendur eða bærinn þarf að nota svæðið á annan hátt og

að almenningur megi hafa frjáls afnot bryggjunnar að svo miklu leyti það ekki kemur í bága við afnot bryggjueigenda sjálfra.

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. sept. 1909

20

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að bæjarstjórnin hefur samkvæmt umsókn yðar dags. 12. f.m. veitt yður slátrunarleyfi fyrst um sinn til ársloka 1909, þó að því áskildu, að sölubúð og geymsluhús slátrunarinnar sje hvítkölkuð og borð þau er kjötið er lagt á verði klætt linoleum.-

Herra

kaupmaður Siggeir Torfason, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7.sept.1909

21

Hjer með tilkynnist yður,herra heilbrigðisfull-trúi,að bæjarstjórnin hefur með ráði heilbrigðisnefndar veitt Siggeir Torfasyni kaupmanni slátrunarleyfi fyrst um sinn til þessa ársloka,að því áskildu að sölubúð og geymsluhús slátr-unarinnar sjeu hvítkölkuð og borð þau,sem kjötið er lágt á,lagt linoleum.-

Til

heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7.sept.1909

22

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, sem formanni heilbrigðisnefndarinnar, að bæjarstjórnin hefur veitt Siggeir kaupmanni Torfasyni slátrunarleyfi fyrst um sinn til ársloka 1909 með því skilyrði, að sölubúð og geymsluhús slátrunarinnar sjeu hvítkölkuð og borð þau sem kjötið er lagt á, verði klætt linoleum.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.sept.1909



Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, að bæjarstjórnin hefur samþykkt og stjórnarráðið staðfest eptirfylgjandi breytingu á heilbrigðissamþykkt bæjarins:

38.grein orðist svo :

Þeim mönnum, sem slátruðu til sölu eða seldu kjöt eða gjörðu matvæli af kjöti til sölu á þeim tíma, er heilbrigðissamþykkt bæjarins 30.janúar 1905 öðlast gildi, getur bæjarstjórn með ráði heilbrigðisnefndar veitt undanþágu frá ákvæðum 31.33.36. og 37 gr. samþykktarinnar, en þó ekki lengur en til ársloka 1911."

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...gu...j... Reykjavíkur

7.sept.1909

24

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tilkynna hinu háa stjórnarráði, að bæjarstjórnin hefur á fundi 2.þ.m., samkv. 9.gr.fátækralaga, 10.nóv. 1905, ákveðið meðalmeðlag með börnum fyrir tímabilið frá 14.maí 1909 til jafnlengdar 1914, 100 kr. á ári

Til

Stjórnarráðs ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.sept.1909

25

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að bæjarstjórnin hefur á fundi 2.þ.m., samþykkt að verja megi allt að 300 kr. til að gjöra sementsgarð fyrir framan Lækjarósinn samkvæmt áætlun yðar. Það væntist að garður þessi verði byggður á þessu hausti.-

Til

B æjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.sept.1909 26

Hjer með tilkynnist yður,herra bankastjóri,að bæjarstjórnin hefur á fundi 2.þ.m. samþykkt að byggð verði rotþró við hús yðar sem verið er að byggja við Tjarnargötu og og afrás hennar fari fyrst um sinn út í Tjörnina.-

Herra

Bankastjóri Hannes Hafstein,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.sept.1909

27

Hjer með tilkynnist yður, herra snikkari, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi útnefnt yður sem brunabótavirðingamann bæjarins fra 1.okt.1909 til 1.okt.1910.-

Herr

trjesmiður Hjörtur Hjartarson, Bókhlöðustíg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7.sept.1909

28

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi útnefnt yður sem brunabótavirðingamann ásamt ~~Sigvalda Bjarnasyni~~ Hirti Hjartarsyni snikkara frá 1.okt.1909 til 1.okt.1910.-

Herra

snikkari Sigvaldi Bjarnason, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.sept.1909



Hjer með tilkynnist yður,herra brunamálastjóri,að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi útnefnt snikkarana Hjört Hjartarson og Sigvalda Bjarnason sem brunabótavirðingamenn bæjarins fyrir árið frá 1.okt.1909 til 1.okt.1910.-

Herra

brunamálastjóri Hannes Thorsteinsson,-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.sept.1909 



Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bankaritari, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi samþykkt að taka lögnámi, ræmu af lóð móður yðar til breikkunar Laufásvegi og greiða fyrir hana 2/3 úr krónu fyrir feralin hverja, samkvæmt mati hinna dómkvöddu manna.-

Herra

bankaritari Hannes Thorsteinsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. sept. 1909

31

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með yfirlýsingu frá Landsbankanum um, að leystur sje úr veðbandi sá hluti Elsumýrarbletts, sem Sveinn snikkari Jónsson seldi Reykjavikurbæ fyrir nokkru. Vottorð þetta óskast þinglesið og þá um leið afmáð veðband það, er hvílt hefur á nefndum hluta Elsumýrarbletts.-

Jeg vænti þess, að Sveinn snikkari Jónsson greiði þinglestrargjaldið fyrir lestur brjefsins.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. sept. 1909

32

Aðalbjörn Bjarnason, stýrimaður á Hvaleyri skuldar Reykjavikurbæ skólagjald frá árinu 1906, að upphæð 6 kr.- Gjald þetta bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta hjá honum hið fyrsta og senda mjer.-

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. sept. 1909

33

Valdemar Ottesen, er áður var kaupmaður hjer i bænum, en nú á heima i Vestmannaeyjum skuldar Reykjavikurbæ frá árinu 1907 aukaútsvar 20 kr. og barnaskólagjald 20 kr., eða samtals 40 kr. Gjöld þessi bið jeg yður, herra sýslumaður að innheimta hjá honum og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til Sýslumannsins i Vestmannaeyjasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. sept. 1909

34

Helgi kennari Valtýsson i Hafnarfirði skuldar Reykjavikurbæ útsvar frá árinu 1907 4 kr.- útsvar þetta bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta hjá honum hið fyrsta og senda mjer.-

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

9.sept.1909

35

Samkvæmt meðfylgjandi uppboðsgjörð hefur Hallgrímur Jónsson kennari tekið slæjurnar á Effersey á leigu þetta sumar fyrir 175 kr.,sem eiga að greiðast 1.okt.þ.á..- Er hjer með lagt fyrir yður,herra gjaldkeri,að veita leigunni móttöku og kvitta fyrir henni.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.sept.1909





Stjórnarraðið hefur tilkynnt mjer,að það hafi útnefnt yður,herra skrfstofustjóri,til að taka sæti i dómnefnd þeirri, sem meta á endurgjald fyrir landsspjöll þau,er orðið hafa á jörðunum fyrir ofan Elliðaárnar við lagningu vatnsveitunnar þar. Jeg gjöri rá-ð fyrir þvi að þjer verðið formaður i dómnefnd þessari og þvi leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með,að Reykjavikurbær hefur útnefnt Björn kaupmann Guðmundsson,sem sinn mann i nefndina .

Eigendur Elliðavatns hafa útnefnt Einar Arnórsson lagaskólakennara sem sinn mann og eigandi Vatnsenda Karl Einarsson Cand.jur.,en ábúandinn á Hólmi hefur útnefnt Þórarinn bónda Arnórsson á Þormóðsstöðum.Øll þessi útnefningarskjöl sendi jeg yður hjer með,en við það er að athuga,að jeg lit svo á,sem lögin ætlast til,að allir eigendur umræddra jarða fyrir ofan Elliðaár komi sjer saman um einn mann,en það hafa þeir ekki viljað gjöra.Ennfremur athugast,að eigandi jarðarinnar Hólms,sem er landssjóður,mun eiga útnefna manninn,en ekki ábúandinn,og ef að þjer litið þann veg á,vildi jeg meiga óska,að þjer kæmuð þvi tilleiðar,að stjórnarráðið útnefni manninn.-

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. sept. 1909

37

Beiðni yðar, herra snikkari, dags. 28.f.m. um að fátækranefndin taki á sig ábyrgð fyrir yður á húsaleigu i húsi Sturlu kaupmanns Jónssonar, 25 kr. á mánuði, synjaði fátækranefndin á siðasta fundi, af því henni þótti húsaleigan of há.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra snikkari Baldur Benediktsson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. sept. 1909

38

Með heiðruðu brjefi dags. 1.þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer brjef hreppsnefndarinnar i Hafnahreppi dags. 7.f.m., þar sem hún viðurkennir sveitfesti Guðmundar Björnssonar, þess er ræðir um i brjefi minu 29. júni þ.á. og lofar að endurgjalda 2/3 hluta af þeim 15 kr., er Guðmundi á þessu sumri voru veittar úr fátækrasjóði, en vill greiða það með skuldaskiptum, þannig að það verði greitt með kröfu til meðlags, er hreppsnefnd Hafnahrepps þykist eiga á hendur fátækrasjóði Reykjavikur með barni Ásmundar Ólafssonar hjer i bænum. Fátækranefndin Kannast ekki við, að hún áður hafi fengið neina kröfu um endurgjald á meðlagi með barni þessu, og heldur ekki veit hún til að Ásmundur Ólafsson eigi neitt barn á framfæri i Hafnahreppi. Nánari upplýsingar þarf þvi að senda um þetta áður en viðurkenning getur orðið gefin um að fátækrasjóður eigi nokkuð að greiða með barni þessu, og i öllu falli er þetta óviðkomandi kröfunni um að endurgoldnir verði 2/3 hlutar af styrk þeim, sem veittur var Guðmundi Björnssyni og vænti jeg þvi að hreppsnefnd Hafnahrepps endurgjaldi 2/3 hluta styrks þessa án frekari dráttar.-

Brjef hreppsnefndar Hafnahrepps endursendist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. septbr 9

Hjer með tilkynnist yður, herra gjaldkeri, að fátækranefndin hefur samþykkt að meðlagsstyrkur með Sigríði Einarsdóttur á Spítalastíg (húsi Jóns Helgasonar, verði hækkaður úr 15 kr. í 19 kr. á mánuði frá 1. þ. m..-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

40

11. septbr. 9

Á fundi fátækranefndarinnar 9 þ.m., var samþykkt, að veita Önnu Ásmunds-dóttur (Rósenkranzekkju) 3 kr. í húsa-leigustyrk á mánuði hverjum frá 1. okt. næstk. að reikna.-

Þetta tilkynnist yður, herra gjaldkeri, hjer með.-

Til

Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

41

11. septbr. 9

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur á fundi 9. þ. m. samþykkt að greiða Ragnheiði Ólafsdóttur, 12 kr. meðlag á mánuði frá 1. þ. m. með Sigurði Þorkelssyni. –

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42

11. septbr. 9

Fátækranefndin hefur samþykkt að veita Oddnýju Einarsdóttur 8 króna húsa-leigustyrk á mánuði frá 1. þ.m. að telja –
Þetta tilkynnist yður, herra gjaldkeri, hjer með. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. sept. '09.

43

Jafnframt því að senda hjálagðan reikning að upphæð kr. 2.25 frá sýslum. Gullbringu- og Kjósarsýslu yfir þinggjald er Reykjavíkurbæ ber að greiða, er það tilmæli mín að þjer, herra bæjargjaldkeri, vilduð greiða nefnda upphæð við fyrstu hentugleika. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. sept. '09

36

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að greiða kr. 4.00 til ritstjóra Norðurlands, samkvæmt meðfylgjandi reikningi, við fyrsta tækifæri.—

Til
Bæjargjaldkerans.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. sept. '09 37.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður, herra trjesmiður, leyft að byggja íbúðarhús efst við Frakkastíg að austanverðu 11° x 11° með skúr 4° x 2¼°, samkvæmt uppdrætti þeim, er fylgdi beiðni yðar. –
Þetta tilkynnist yður hjermeð. –

Herra
trjesmiður Hjálmar Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. sept. '09

38.

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður að gjöra viðbót við hús yðar, 12° x 3 3/4° og að gjöra vesturherbergin tvö, sem nú eru í húsinu, að einu íbúðarherbergi, en herbergið í norðausturhorni hússins má þá aðeins nota til geymslu.

Herra
Helgi Jósepsson, Laugaveg 24b

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi samþykkt að selja fjelaginu lóð á Melunum í krikanum, þar sem mætist Sandvíkurvegurinn og vegurinn að túni Andersens, fyrir 50 a. feralin hverja til að byggja á lóðinni steinolíugeymsluhús. Jafnframt var fjelaginu leyft, að byggja steinolíugeymsluhús 18° x 11½° með því fyrirkomulagi og gerð, er sýnd var á uppdrætti þeim, er lá fyrir byggingarnefndinni.

Hvorttveggja þetta var samþykkt af bæjarstjórninni að því áskildu að brunamálanefndin samþykki bygginguna. –

Til

danska steinolíuhl.fjelagsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Septbr. 09

40

Eins og yður áður hefur verið tilkynnt, herra símastjóri, hefur bæjarstjórnin ákveðið að taka eignarnámi 241 feralin af lóð yðar við Skálholtsstíg með verði því, er byggingarnefndin ákveður. Byggingarnefndin hefur ákveðið feralin hverja á 1 kr. 25 a., og getið þjer vitjað andvirðis lóðarinnar, sem er 301 kr. 25 a. –, hingað á skrifstofuna hvenær sem yður þóknast. –

Herra
símastjóri O. Forberg Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. sept. '09 42

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær synjað yður um styrk að upphæð 100 kr. fyrir ljósmóðurstörf yðar í Reykjavík, er þjer farið fram á í brjefi dags. 14. þ. m. --

Til
Sesselju Ólafsdóttur, ljósmóður,
Skólavörðustíg 14.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. sept. '09

43

Hjermeð tilkynnist yður, herra kaupmaður, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær skipað yður fátækrafulltrúa í stað Samúels Ólafssonar, sem fengið hefur lausn frá því starfi. –

Herra
kaupmaður Ámundi Árnason,
Hverfisg. 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. sept. '09

44

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 25 - tuttugu og fimm krónur, - sem eru 2/3 hlutar af styrk þeim, er Jónínu Sigmundardóttur, Spítalastíg 8, hefur verið veittur á þessu ári.
Kvittun óskast við tækifæri. -

Páll Einarsson

Til
Bæjargjaldkerans í Rvík. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.sept.1909

Samkvæmt ósk yðar, herra söðlasmiður, hefur bæjarstjórnin veitt yður lausn frá fátækrafulltrúastarfi því, er þjer hafið haft á hendi. Jafnframt því að tilkynna yður þetta, tjái jeg yður hjer með bezta þakklæti fyrir störf yðar sem fátækrafulltrúi undanfarin ár.-

Herra

fátækrafulltrúi Samúel Ólafsson.

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. sept. 09

46

Á fundi bæjarstjórnarinnar 16. þ. m. var tekin til meðferðar beiðni yðkar um að fá á erfðafestu 5 dagsláttur í horni hins svo nefnda afgirta beitarlands Laugarneslands. Bæjarstjórnin sá sjer ekki fært að verða við beiðni þessari, með því ekki þótti rjett að skerða beitarlandið, en vill jafnframt benda á, að land muni geta fengist til ræktunar í Norðurmýrinni. –

Vænti jeg að þjer komið hingað á skrifstofuna til viðtals við mig við tækifæri. –

Herra
verzlunarm. Grímúlfur Olafsson,
Olafur Olafsson og Kristinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. sept. 09

47

Á fundi bæjarstjórnarinnar 16. þ.m. var lögð fram beiðni yðar, um að fá c. 1 dagsláttu á erfðafestu til ræktunar í holtinu norðan við dynamitgeymsluhús bæjarins. Bæjarstjórnin synjaði yður um land þetta með því það er eintómt grjótland, að miklu leyti óunnið og alls ekki að svo komnu fallið til ræktunar, en bendir á að leita fyrir sjer annarstaðar, þar sem betur er fallið til ræktunar

Herra
Magnús Egilsson, Fulltrúi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20. sept. 1909

48

Beiðni yðar, herra steinsmiður, um að fá á erfðafestu 6-7 dagsláttur af landi austan við afleggjara þann, er liggur innan af þjóðveginum fyrir Árna póst upp á vatnsveituveginn, hefur bæjarstjórnin á síðasta fundi svarað svo, að þjer getið fengið á erfðafestu c.3 dagsláttur af landi þessu samkvæmt nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins. Landið veitist með hinum nýju erfðafestuskilmálum og er það skilyrði, að það sje fullræktat til kálgarðs að liðnum 6 árum frá útmælingu.-

Ef þjer viljið sinna þessu vænti jeg að þjer komið yður saman við bæjarverkfræðinginn um útmælingu landsins og að því búnu fáið þjer hjá mjer erfðafestubrjef fyrir landinu.-

Herra steinsmiður Guðni Þorsteinsson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. sept. 1909

49

Beiðni yðar, herra skólastjóri, um að fá c. 13 dagslättur á erfðafestu i Kringlumýrinni innanvert við land Árna Gislasonar i Lækjarhvammi hefur bæjarstjórnin á siðasta fundi svarað þannig, að hún vill veita yður á tilgreindum stað allt að 8 dagslättur á erfðafestu eptir nánara samkomulagi og eptir útmælingu bæjarverkfræðingsins. Landið veitist með hinum nýju erfðafestuskilmálum, og sje ræktunartiminn 6 ár frá dagsetningu erfðafestubrjefsins, að meðtöldu því ári, sem ætlað er til girðingarinnar.

Ef þjer viljið sinna þessu þessu verðið þjer að koma yður saman við bæjarverkfræðinginn um útmælingu landsins og fá siðan erfðafestubrjef fyrir landinu.-

Herra skólastjóri Páll Halldórsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

The Mayor's Office
Reykjavik, Iceland,
21. September 1904

M. Bartholomew Esq
"Grassington"
Hayne Rd
Beckenham, Kent

Dear Sir,

I beg to acknowledge the receipt of your letter of the 30th August with regard to the Ellidaá River and in reply to acquaint you, on behalf of the Corporation of this town that they are prepared to let the above-named River for a yearly rent of £450. This River is the best Salmon River in this country, situated close to this capital and, besides that, there is ecellent accommodation for anglers and their servants. Should you be desirous to take the River for £450 a year, the Corporation of this town would most likely, accept that offer. As far as the terms or conditions in regard to the tenancy of this River are concerned I beg to enclose herewith for your information a copy of the agreement made with the last tenant of the River, as the terms or conditions of payment of the yearly rent etc, [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

the yearly rent, etc., would be the same
for you as those specified in the enclosed
Agreement in regard to this matter

I am, Dear Sir
Yours faithfully

P.S.

Please inform me at the earliest opportunity, whether you are inclined to take the River for the yearly rent specified above. –



Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. sept. 1909

51

Hjer með tilkynnist yður,herra gjaldkeri, að tvær fastar kennarastöður hafa verið stofnaðar við barnaskóla Reykjavikur frá 1. okt. þ.á.,með 1000 kr. árslaunum hvor og hafa þær verið veittar úngfrúnum Thóru Friðsiksson og Laufeyju Vilhjalmsdóttur.Launin ber að greiða mánaðarlega fyrirfram með 1/12 hluta og eiga að færast til útgjalda undir gjaldalið 20,a, i fjárhagsáætluninni.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. sept. 1909



52

Eins og meðfylgjandi eptirrit úr fundargjörð bæjarstjórnarinnar frá 16.þ.m. ber með sjer hefur bæjarstjórnin svarað málaleitun yðar og nokkurra annara húsfeðra i brjefi dags. 14. f.m. á þá leið, að börn á skólaskyldum aldri úr skóla Ásgrims Magnússonar skuli fá að njóta á vori komandi sama rjettar til ókeypis sundkennslu sem börn úr barnaskólanum, og sama rjettar til ókeypis baða i baðhúsinu, og ennfremur að þau fái ókeypis afnot leikfimishúss barnaskólans eins og síðastliðinn vetur undir umsjón skólastjóra, og þannig að það ekki komi i bága við afnot barnaskólans af húsinu, - en þetta allt með því skilyrði, að skólinn fái löggildingu stjórnarráðsins.-

Hinsvegar var frestað að taka nokkra ákvörðun um, hvort veita skyldi börnum á skólaskyldum aldri styrk úr bæjar, eins og beðið hafði verið um, en sú styrkbeiðni verður á ný lögð fyrir bæjarstjórnina, þegar útgjört er um, hvort skólinn verður löggiltur af stjórnarráðinu.-

Herra Sigurður Jónsson , Lindargötu 1 B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. septbr. 9    54

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri kr. 40.00 – fjörutíu krónur, sem er endurgjald upp í styrk þann, er Þórði Sigurðssyni, Hverfisgötu 21 hefur verið veittur á þessu ári. –
Kvittun óskast. –

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. sept. 9 53

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 60 – sextíu krónur – sem er endurgjald frá Innri-Akraneshreppi upp í legukostnað stúlkunnar Guðrúnar Árnadóttur frá Klafastöðum.–

Kvittun vænti jeg að meðtaka við fyrsta tækifæri.–

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. sept. '09

54

Bæjarstjórnin þarf væntanlega að ráða verkfræðing til að hafa eptirlit af sinni hálfu með byggingu gasstöðvarinnar.

Jeg leyfi mjer hjer með að spyrjast fyrir um hjá yður, herra verkfræðingur, hvort þjer mundið vilja takast starfa þennan á hendur fyrst um sinn til ársloka eða þá allan tímann meðan byggingin stendur yfir og þá með hvaða kjörum.

Svar óska jeg að fá frá yður fyrir kl. 12 á morgun.

Herra
verkfræðingur Thorvald Krabbe

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. septbr. 9 55

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri 15 kr. — fimmtán krónur —, sem er endurgjald frá Guðm. Björnssyni, Vesturgötu 55 á styrk þeim, er honum var veittur þ. 7. júní þ. á. úr fátækrasjóði. —
Fyrir þessum 15 krónum óskast kvittun. —

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

56

23. septbr. 9

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 29. júní og 10. þ. m. tilkynnist yður, herra sýslumaður, hjermeð, að Guðmundur Björnsson, Vesturgötu 55, hefur endurgoldið að fullu styrk þann, er honum var veittur úr fátækrasjóði Reykjavíkur þ. 7. júní þ. á., að upphæð 15 krónur.

Þetta eruð þjer beðinn um að tilkynna hreppsnefnd Hafnahrepps.

Til
sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. septbr. 9 57

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 10 kr. – tíu krónur –, sem er endurgjald frá Guðbjörgu Brandsdóttur, Laugaveg 49 upp í legukostnað þann er er áfallinn var úr fátækrasjóði 21. f. m.

Kvittun fyrir þessum 10 kr. vænti jeg að fá við tækifæri. –

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. sept. '09

58

Hjermeð tilkynnist yður, herra bruna-
málastjóri, að bæjarstjórnin samþykkti á fundi
í gær brunabótavirðingar á eptirgreindum
húseignum:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurjóns Sigurðssonar, Lækjargötu 10B | kr. | 3896.00 |
| Jóns Lúðvíkssonar, Lindargötu | " | 3263.00 |
| Steingr. Guðmundssonar, Fríkirkjuvegi | " | 59603.00 |
| Kaþólska trúboðsins í Landakoti | " | 29372.00 |
| H. Hafsteins við Tjarnargötu | " | 20570.00 |
| Völundar við Laugaveg | " | 27791.00 |

Ennfremur íbúðarhús konsúls Brillouin
á Tjelagsstúni kr. 36736.00. Virðing þessi var
samþykkt með svohljóðandi athugasemd.
„Bæjarstjórnin hefur ekkert við virðingar-
upphæðina að athuga og samþykkir hana
sem slíka, en getur þess, eptir skýrslum er
komu fram á fundinum, að húsið er
ekki byggt í fullu samræmi við bygging-
arlög bæjarins og áskilur, að það verði
lagað."

Ennfremur höfðu virðingarmennirn-
ir virt hesthús, er sami konsúll hefur
látið byggja á 740 kr.. En virðingu þessa
neitaði bæjarstjórnin að samþykkja, þar
sem ekkert leyfi hefur verið fengið til að
byggja það.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. sept. 09



Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með eptirrit af nokkrum brunabótavirðingargjörðum, er gjörðar hafa verið 28. ágúst, 8. sept. og 13. sept.; voru þær samþykktar athugasemdalaust á aukafundi bæjarstjórnarinnar í gær, að undanteknu húsi konsúls J. Brillouin. En virðingin á sjálfu íbúðarhúsi hans, kr. 36736.00 var samþykkt með svohljóðandi bókun:
„Bæjarstjórnin hefur ekkert við virðingarupphæðina að athuga og samþykkir hana sem slíka, en getur þess, eptir skýrslum er komu fram á fundinum, að húsið er ekki byggt í fullu samræmi við byggingarlög bæjarins og áskilur, að það verði lagað."

Ennfremur hafði verið virt hesthús, sem konsúll J. Brillouin hefur látið byggja á sömu lóð og íbúðarhúsið á 740 kr. – En þessa virðingu neitaði bæjarstjórnin að samþykkja, þar sem ekkert leyfi hefur verið fengið til að byggja hesthúsið. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

25. sept. 1909

60

Eins og meðfylgjandi eptirrit úr byggingarnefndarbók kaupstaðarins ber með sjer var herra konsúl J. Brillouin þ. 24. april þ.á. veitt leyfi til að byggja íbúðarhús á svonefndu Fjelagstúni hjer í bænum. Hús þetta hefur hann nú byggt, en er byggingarfulltrúinn nú fyrir nokkrum dögum krafði hann um hið lögákveðna byggingarleyfisgjald, neitaði hann að greiða það. Jeg sendi yður hjer með skriflega neitun hans um að greiða gjald þetta, er hann ritaði á kvittun þá, er honum var send og átti að afhendast honum, er hann greiddi gjaldið. Byggingarleyfisgjald þetta hefur samkvæmt lögum Nr. 34, 23. okt. 1903 lögtaksrjett, og er það því virðingarfyllst kráfa mín, að gjald þetta verði tekið lögtaki, og þar sem jeg hef heyrt, að nefndur herra konsúll flytji innan nokkurra daga burt úr bænum um stundarsakir, óska jeg, að lögtakið fari fram hið allra fyrsta, og að mjer verði gjört aðvart um, hvernær það verður framkvæmt, til þess að jeg geti látið mæta við gjörðina fyrir hönd bæjarstjórnarinnar, ef mjer kynni að þykja ástæða til þess.-

Til Bæjarfógeta Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
27. sept. '09

Út af beiðni yðar um styrk úr Thorkilliisjóði fyrir barn yðar, eruð þjer beðinn um að senda mjer nafn barnsins og aldur þess fyrir kl. 12 á morgun.

Herra
Ingimundur Jakobsson, Laufásv. 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
27. sept. '09.

62

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi synjað yður um c. 8 dagsláttur af landi annaðhvort við spítalaveginn, að Lauganesi eða í nánd við Laugarnar, með því ekki þótti rjett að skerða beitarland bæjarins, en vill jafnframt benda á, að land muni geta fengist í Norður-mýrinni

Herra
Tómas Tómasen
Aðalstræti 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. sept. 09

63

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði hjer með tillögu Fátækranefndar Reykjavíkur um það hverjum börnum verði veittur styrkur úr Thorkillisjóðnum yfirstandandi ár.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

64

28. sept 9

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 35 – þrjátíu og fimm krónur –, sem er endurgjald á fátækrastyrk þeim, er Pjetri Illugasyni, Melstað, var veittur þ. 9. jan. og 18. sept. þ. á. –
Kvittun óskast. –

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

65

23. sept. 9

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 40 – fjörutíu krónur, sem er endurgjald frá Ytri-Akraneshreppi, á meðlagi því, er þ. 30. júlí þ.á. varð ávísað úr fátækrasjóði með barni Þórðar Bjarnasonar frá Melstað og Þórunnar Pjetursdóttur, Sigurði Markúsi, að nafni.
Fyrir þessum 40 krónum vænti jeg kvittunar við fyrsta tækifæri.—

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. sept. 9 66

Með brjefi dags. 23. þ.m. hafið þjer, herra oddviti, fyrir hönd Ytri-Akraneshrepps, sent mjer 40 - fjörutíu krónur, sem er meðlag með barni þórtar Bjarnasonar og þórunnar Pjetursdóttur, Sigmundi Markúsi að nafni, áfallið 2. júlí þ.á. -

Fyrir þessum 40 - krónum kvittast hjer með. -

Til
oddvita Ytri Akraneshrepps.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. sept. '09

67.

Samkvæmt tillögu yðar, herra verkfræðingur, í brjefi dags. 1. þ. m., var yður á fundi gasnefndarinnar leyft að veita viðtöku bátabryggju þeirri, er Jón Zoëga hefur smíðað fyrir gasstöðina með skilyrði því, sem tekið er fram í niðurlagi brjefsins. Ennfremur var samþykkt að greiða Jóni Zoëga aukaborgun, 30 krónur, fyrir það, að hann hefur orðið að flytja grjót lengra að í bryggjuna, en gjört var ráð fyrir.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra verkfræðingur, hjer með.-

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. sept. 09

68

Hjer með tilkynnist yður, herra verkfræðingur, að gasnefndin hefur samþykkt tilboð Carl Francke að selja járn til gasstöðvarhússins fyrir samtals 3820 Mörk.

Páll Einarsson

Herra
verkfræðingur v. Schönke

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. sept. '09

69

Samkvæmt tillögu byggingarstjórnar gasstöðvarinnar, hefur gasnefndin samþykkt að fella niður kurtu samtengingarleiðslu er fyrirhuguð var milli Hafnarstrætis og Austurstrætis. –

Þetta tilkynnist yður, herra verkfræðingur, hjermeð. –

Páll Einarsson

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. sept. '09

70

Á fundi gasnefndarinnar 22. þ.m. var það samkvæmt tillögu yðar, herra verkfræðingur, samþykkt, að þar sem götuleiðslur gasstöðvarinnar rekjust sig á húsleiðslur vatnsveitunnar, þannig að hinum síðarnefndu þyrfti að raska, að þá skyldi firma Carl Francke falið að gera skurði þá er til þess þyrfti fyrir sama einingarverð og ákveðið er í byggingarsamningnum. En hinsvegar var borgarstjóra falið að leita samninga um viðgjörð á húsæðunum við þá, er lagt hafa inn í húsin, þannig að hver þeirra gjöri viðgerðina í því húsi, sem hann hefur lagt inn í, að svo miklu leyti því verður viðkomið.-

Þetta tilkynnist yður, herra verkfræðingur hjermeð.-

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. sept. '09



Á fundi gasnefndarinnar 22. þ. m. var samþykkt að breyta að nokkru fyrirkomulaginu á tæmingargryfjunni fyrir tjöru og ammoniak, samkv. uppdrætti þeim er hjer sendist.

Þetta tilkynnist yður, herra verkfræðingur, hjer með.-

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28. sept. 9 72

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 69 – sextíu og níu krónur – frá Innri-Akraneshreppi til greiðslu á eptirstöðvum af legukostnaði Guðrúnar Árnadóttur frá Klafastöðum. –

Kvittun óskast.

Páll Einarsson

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. sept. 09





Jeg hef áður afhent yður, herra entreprenör, eptirrit af skýrslu þeirri, er þeir Gísli Finnsson og Einar Finnsson hafa gefið um fráganginn á verki því, er þjer og G. Lössl unnuð næstliðið sumar við vatnsleiðsluna frá Elliðaánum að Rauðarárholti. Sýnir skýrslan það, að verkinu er í mörgu ábótavant, og krefst nefndin þess, að bætt verði að fullu úr göllum þeim, sem á því eru og að viðgjörðinni sje lokið fyrir 5. næsta mánaðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

[illegible] udført, og afleveret i kontraktmæssig stand

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmeistarakontorit í Reykjavík
29. sept. 09

29. sept. 9 №74

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 210 – tvö hundruð og tíu krónur, sem er endurgjald frá Gaulverjabæjarhreppi uppí sveitarskuld Guðmundar Ámundasonar, Laugaveg.
Kvittun óskast fyrir þessum 210 kr.

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

75

Hr. ingeniör H. A. Hansen.

I anledning af at byens ingeniör, hr Thoroddsen, har indberettet til byraadet at der fandtes mangler ved det arbejde d hr O. V. Sjögr og G. Lössl udförte i fjor ved vandledningen paa strækningen paa Laxelven til Raudaráholt, udnævnte vandværksudvalget d hr. Gísli Finnsson og Einar Finnsson til at undersöge og afgive beretning om arbejdets udförelse paa denne strækning. Disses indberetning foreligger nu, og jeg sender dem hoslagt en afskrift af den. Ifölge denne er der væsentlige mangler ved arbejdet og dette ikke udfört kontraktmæssigt. Som hoslagt udskrift af vandværksudvalget protokol udviser forlanger udvalget at de forefundne mangler bliver afhjulpne og arbejdet afleveret i kontraktmæssig stand inden 3. næste maaned, hvad entreprenören ogsaa antagelig er villig til at göre. Vandværksudvalget lægger den störste vægt paa, at dette sker fyldest, og venter at de förer et strengt tilsyn med, at arbejdet bliver tilhörig udfört og afleveret i kontraktmæssigt stand

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

76

1. oktbr. 9

Fyrir nokkru var Benjamín Halldórsson nokkur samkvæmt skipun læknis lagður á sjúkrahúsið hjer. og varð fátækranefndin að ganga í ábyrgð fyrir legu- og læknis kostnaði hans. Jeg hef látið taka æfiferilsskýrslu hans og sendi hana hjer með. Samkvæmt henni, er Benjamín sveitlægur í Skilmannahreppi í Borgafjarðarsýslu, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfestinni og vænti jeg að hreppsnefndin gangi inn í ábyrgðina og greiði á sínum tíma legukostnaðinn.-

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. oktbr. 9 77

Fátækranefndin hefur greitt til bráða-
birgða meðlag samkv. amtsúrskurði
með óskilgetnu barni Magnúsar Dahoffs-
sonar og Guðrúnar Steinsdóttur, áfallið
30. júní þ.á., 25 krónur,- Upphæð þessi á
að endurgjaldast af framfærsluhreppi
Magnúsar, Neshreppi-Ytri og eruð þjer,
herra sýslumaður, beðinn um, að
innheimta hana og senda mjer við
fyrsta tækifæri.-

Til
sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. oktbr. 9 78

Fátækranefndin hjer, hefur orðið að leggja út til Margrjetar Geirsdóttur, sem heimili á hjer í bænum, ársfúlgu 40 króna, er samkv. amtsúrskurði 16. marz '03, átti að greiðast af Guðsteini Einarssyni 3. júlí þ.á. Guðsteinn þessi Einarsson, er sveitlægur í Þingvallahreppi, og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að innheimta fúlgu þessa hið fyrsta hjá þeim hreppi og senda mjer hana.

Vottorð hlutaðeigandi sóknarprests um að barnið sje á lífi sendist hjermeð.

Til
sýslumannsins í Árnessýslu. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. oktbr. 9 79

Guðmundur Helgi Jakobsson, Vitastíg 18, hefur 30. f. m. orðið að þiggja fátækrastyrk hjer í bænum, að upphæð 20 krónur. Hann er sveitlægur í Áshreppi í Húnavatns sýslu, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfesti hans og innheimta hjá hreppnum 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Efiferilsskýrsla Guðmundar og skýrsla um ástjón þá er gjört var hjá honum áður en styrkurinn var veittur, fylgir hjer með.–

Til
sýslumannsins í Húnavatnssýslu.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. oktbr. 9.

Fátækranefnd Reykjavíkur, hefur orðið að greiða Sigríði Rósu Kristjáns-dóttur meðlag það með óskilgetnum syni hennar og Bjarna Guðmundssonar frá Þingskálum, er fjell í gjalddaga 1. þ. m. samkv. úrskurði sýslumannsins í Rangárvallasýslu 25. okt. 1906 40 krónur. Bjarni þessi er sveitlægur í Holtamannahreppi og sendi jeg yður, herra sýslumaður, hjer með úrskurðinn og lífsvottorð barnsins og bið yður að innheimta fúlguna hið fyrsta hjá framfærslusveit föðursins og senda mjer hana.

Úrskurðurinn óskast endursendur.

Til
sýslumannsins í Rangárvallasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

81

2. oktbr 9

Jafnframt því að senda hreppsnefnd-
inni reikning yfir legukostnað Guðrúnar
Árnadóttur frá Klafastöðum, á Landa-
kotsspítala, að upphæð 138 kr. frá 1. júlí
til 30. f. m., er hjer með krafist endur-
gjalds á nefndum 138 krónum.

Til
hreppsnefndar Innri-Akranesshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með hæstvirtu brjefi dags. 4. oktbr. og 22. f.m. hefur hið háa stjórnarráð sent mjer eptirrit af brjefi frakkneska vicekonsúlsins dags. 29. júní þ.á. og útdrátt úr öðru brjefi hans dags. 19. f.m., hvorutveggja viðvíkjandi ágreiningi þeim, sem er milli byggingarnefndarinnar og hans út af því, að hús það, er hann hefur látið byggja, ekki fullnægir ákvæðum byggingarsamþykktarinnar og er á ný óskað umsagnar byggingarnefndarinnar um málið.-

Jeg hef á ný lagt málið fyrir byggingarnefndina og skírskotar hún til brjefs þess, er jeg ritaði stjórnarráðinu 24. júlí þ.á. Sjerstaklega leyfi jeg mjer að taka það fram, að byggingarnefndin skildi ekki og gat ekki skilið brjef herra konsúlsins til stjórnarráðsins, dags. 29. júní þannig, að hann í því væri að mælast til að fá undanþágu frá byggingarsamþykktinni. Orðalag brjefsins gefur ekkert tilefni til að skilja það þannig, og það því síður, sem jeg hafði nokkrum dögum áður en brjefið var skrifað heimsótt herra konsúlinn persónulega, og boðið honum mína milligöngu til að fá undanþáguna, ef hann þá vildi sækja um hana til byggingarnefndarinnar, en eins og tekið er fram í brjefi mínu varðandi hann

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um undanþáguna, heldur óskaði eptir deilu við bæjarstjórnina. Við þetta situr. Hann hefur ennþá ekki sótt um neina undanþágu, heldur hefur hann lokið við byggingu hússins, án þess að færa í lag það, er byggingarnefnd og byggingarfulltrúi höfðu krafist lögum samkvæmt og með því brotið byggingarlög kaupstaðarins. En fyrir þetta vill byggingarnefndin koma fram ábyrgð á hendur honum og ekki leyfa íbúð í húsinu, nema lagfært sje áður. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með háttvirtu brjefi dags. 22. f. m. hefur hið háa stjórnarráð sent mjer brjef franska vicekonsúlsins herra J. Brillouin dags. 16. f. m. með 5 fylgiskjölum, viðvíkjandi rjetti hans yfir lóð þeirri, er hann hefur byggt íbúðarhús á inn á svonefndu Fjelagstúni, og beiðist stjórnarráðið að fá umsögn bæjarstjórnar Reykjavíkur um málið.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar læt jeg mjer það nægja að vísa til eptirrits þess úr gjörðabók byggingarnefndar frá fundi hennar 9. okt. f. á. er fylgdi nefndu brjefi stjórnarráðsins. Eins og þar er skýrt tekið fram hefur bærinn fengið hjá þeim Jóni Jenssyni og Halldóri Jónssyni undir veg og skipaklöpp svæði það, er liggur fyrir framan lóð konsúls J. Brillouin, en konsúllinn hefur aðeins afnotarjett lóðar þessarar þangað til bærinn notar hana og á þessa lóðarræmu verða engin mannvirki sett nema með því skilyrði, að þau skuli tekin burt bænum að kostnaðarlausu ef bærinn krefst þess, þegar hann tekur lóðarræmuna til notkunar. Strandlengjuna upp að stórstraumsflóðmáli á bærinn og hefur átt með takmarkalausum eignar- og afnotarjetti, en herra konsúll J. Brillouin sem fulltrúi franska spítal [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er heimilað að setja bátabryggju með áður greindu skilyrði og þá óhindraðan atgang að lóð sinni einnig eptir að bærinn hefur tekið til notkunar lóðarræmu þá, er bærinn samkvæmt framansögðu hefur fengið hjá þeim Jóni Jenssyni og Halldóri Jónssyni.

Þetta er skýlaus rjettur Reykjavíkurbæjar, og hann getur ekki breyzt eða rýrnað að neinu leyti við þá samninga, er þeir konsúll J. Brillouin sem fulltrúi franska spítalafjelagsins í Dunkerque og yfirdómari Jón Jensson hafa gjört sín á milli. Þeir samningar eru því bæjarstjórn Reykjavíkur óviðkomandi, og eins er bæjarstjórninni óviðkomandi hvað virðingarmenn kunna að hafa sagt í virðingargjörð sinni; þeir eru ekki útnefndir af bæjarstjórn Reykjavíkur og hafa ekkert umboð haft til þess að láta neitt álit í ljósi fyrir hönd hennar.

Jeg leyfi mjer að geta þess, að jeg hef ástæðu til að ætla, að herra konsúll J. Brillouin hafi verið kunnug fundargjörð byggingarnefndar Reykjavíkur 9. okt. 1901 þegar hann næsta dag gjörði kaupsamninginn um lóðina við yfirdómara Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. oktbr. 9 84.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 50 kr. – fimmtíu krónur –, sem er endurgjald á 2/3 hlutum styrks þess, er Ragnheiði Olafsdóttur, Laugaveg 73 hefur verið veittur 11. nóv. f. á. og þetta ár, en nefnd Ragnheiður er sveitlæg í Grímsneshreppi. –

Kvittun óskast.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur
7. okt. 09

85.

Hjer með sendi jeg yður, herra byggingarfulltrúi, ávísun á Landsbanka Íslands, útgefna af konsúl J. Brillouin að upphæð 77 kr. 23 a., til lúkningar byggingarleyfisgjaldi því, er hjer höfðuð krafið hann um. –

Til

Byggingarfulltrúa Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. okt. '09

87

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður, herra verzlunarmaður, að reisa einlopta íbúðarhús 10°x10° með skúr 2½°x 3½° að slærð á lóð yðar við Njálsgötu og Vitastíg, samkv. beiðni yðar dags. 26. f. m. –

Þetta tilkynnist hjermeð.

Herra
verzlunarmaður Sigurbjörn Þorkelsson
Njálsgötu 30

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
8. okt. '09

88

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra trjesmiður, að reisa skúr 21°×4° að stærð að syðri lóðarmörkum yðar Lindargötu 8e, samkv. beiðni yðar dags. 25. f.m. –
Þetta tilkynnist hjer með. –

Herra
snikkari, Bjarni Jónsson. Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. okt. '09

89

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi ígær, leyft yður að lengja skúrinn við vesturgafl húss yðar, Nýlendugötu 16 um hálfa alin til vesturs um leið og þjer byggið hann upp, og að gera skúrinn jafnbreiðan húsinu. –

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
Jón Einarsson, Nýlendugötu 16

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 1. okt. '09 



Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, háæruverðugi herra biskup, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær, leyft yður að gera kvistglugga á suðurhlið húss yðar vestanverðu, 2° 8½" háan og 1° 12½ breiðan að innanmáli, samkv. beiðni yðar dags. 28. f. m. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra
8. okt. 09

91

Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra verkfræðingur, að bæjarstjórnin hefur leyft að byggja íbúðarhús að stærð 7°x16° tvílopta og 6°x15½°+2¼°x4° einlopta með porti. Húsið á að vera úr steinsteypu og snúa framhlið að Hverfisgötu.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. oktbr. 09

92

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
1. okt. '09



Hjer með tilkynnist yður, herra brunamálastjóri að bæjarstjórnin samþykkti brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum:

| | | |
|---|---|---|
| Guðjóns S. Jónssonar, Norðurstig | kr. | 7596.00 |
| Pálma Pálssonar á Meistaravelli | " | 4192.00 |
| Þórhalli Bjarnarsonar, Laufási | " | 17047.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. okt. '09

Með brjefi dags. 30. júní þ. á. tilkynnti jeg yður, herra sýslumaður, að fátækranefndin hjer hefði orðið að ábyrgjast legukostnað fyrir unglingsstúlkuna Þóreyju Guðmundsdóttur, sem sveitlæg er í Reykhólahreppi. Fátækranefndin hefur nú samkvæmt ábyrgð þessari orðið að greiða sjúkrahúsinu legukostnaðinn samkvæmt meðfylgjandi reikningi, 204 krónur, og er þess hjer með farið á leit, að þjer innheimtið 2/3 hluta upphæðar þessarar hjá Reykhólahreppi og sendið mjer við fyrsta tækifæri. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
8. okt. '09

Samkvæmt skuldabrjefi bæjarstjórnarinnar dagś. 19. april þ. á. til Eiríks Bjarnasonar járnsmiðs ber bæjarstjórninni að greiða afborgun af höfuðstól skuldarinnar 285 kr. 71 e. og vexti af skuldinni frá 19. april þ. á. til ársloka, 55 kr. 78 a. – þessar samtals 341 kr. 49 a. ber yður að greiða Eiríki Bjarnasyni gegn kvittun hans.

Hinsvegar ber Eiríki Bjarnasyni að greiði í leigu fyrir Skothúsblett yfirstandandi árs 180 krónur, og ber að innheimta það jafnframt því hin greiðslan fer fram.

Til

Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður herra barnaskólastjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær veitt eptirgreindum börnum ókeypis kennslu í barnaskóla bæjarins:

1. Ástríður Einarsdóttir Jónssonar, Bergst.str. 34B, 7 ára
2. Aron Ingim. Guðmundsson Aronss., Hverfisg. 44, 6 – –
3. Emilía Sigr. Sveinsdóttir Ólafss., Smiðjustíg 11, 8 – –
4. Einar Einarsson, Smiðjustíg 4
5. Einar Þorvaldsson Einarssonar, Laufásveg 43
6. Eulalía Guðmundsdóttir Aronss.
7. Ferdinand Herm. Carlsön hjá Þórði Sigurðss.
8. Gissur Baldursson Benediktssonar
9. Gísli Sigurjón Samúelsson Símonars., Bergst.str. 16, 14 ára
10. Guðm. Edvard Bjarnason Gíslasonar, Grettisg. 17B, 8 – –
11. Guðm. Óskar Jónsson Eiríkssonar, Mörkum, 10 ára í jan. nk.
12. Guðm. Óskar Guðmundsson Aronss., Hverfisg. 44, 8 ára
13. Guðrún Böðvarsdóttir, sáluga Prjesm., 14 ára
14. Guðrún Hafliðadóttir Jónssonar, Norðurstíg 5, 8 ára
15. Guðrún Pjetursd. Sigurðssonar, Bræðrab.stíg 21, 9 ára
16. Guðlaug Guðjónsd. Einarssonar, Lindarg. 8, 9 – –
17. Guðrún Oktavía Sæmundsd. Einarss., Vesturg. 26a, 9 ára
18. Hafliði Óskar Friðriksson Sigmundss., Bergst.str. 44, 8 – –
19. Haraldur Ólafsson (móðir Anna Guðm.d. Laugav. 46a, 8 – –
20. Halldóra Halldórsd. (Kristjana Elíasd., Þingh.str. 11
21. Ingibjörg Pálsdóttir Einarss. Grettisg. 34, 8 ára
22. Jóhanne Karoline Halldorsen Ole, Laugav. 21, 8 ára
23. Jóhanna Marta Þorsteinsd. Kárasonar Njálsg. 30B 9 ára
24. Jón Einarsson Jónssonar, Grettisg. 4, 8 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Jón Stefánsson (móðir Olina Olafsd., Njálsg. 22
26. Jón Jóhannsson (móðir Jóhanna Jónsd., Mýri, 9 ára
27. Jóhann Byström Jónsson hjá Guðj. Olafss., Miðhús
28. Jóhann Jónsson Jónssonar; Laugaveg 61, 8 ára
29. Júlíus Sg. Hallgrímss. Sveinbjarnars., Rauðarárst., 9 ára
30. Kristín Sigurlína Pálmad. Sigurðss., Grettisg. 40, 7 ára
31. Kristín Guðr. Guðbrandsd. (móðir Margrjet Jónsd., Veghús, 8 ára
32. Kristín Sigurðard. Sæm. Guðm.sonar, Hverfisg. 56, 8 ára
33. Louisa Stefánsd. (móðir Þorbjörg Guðlaugsd., Ránarg. 24, 9 ára
34. Margrjet Laufey Guðmundsd. Bergþórss., Bergst. str. 42, 7 ára
35. Magnús Magnúss. (Þorbjörg Hafliðad. Hverfisg. 13, 8 ára
36. Oddgeir Hjartarson Jónssonar, Bræðrab. st. 22, 9 ára
37. Oddrún Sigfr. Guðmundsd. Sigurðss., Skipm.stíg 5
38. Páll Kristinsson Pálssonar, Nýlendug. 16, 6 ára
39. Sesselja Halldórsd. (Vilborg Jónsd. Klapparst. 13B, 8 ára
40. Sigmundur Jónsson (móðir Guðr. Guðmd. Njálsg. 50, 10 ára í marz
41. Sigríður Bjarnadóttir Bjarnas., Bergst.st. 46 (10 ára í marz
42. Sigríður Einarsd. Jónss., Bergst. str. 34B (10 ára 12/12,
43. Sigríður Guðmundsd. Jónss., Lindarg. 1B, 10 ára í janúar,
44. Sigríður Kristjana Kristjánsd. Olafss. Skólav. st. 43, 8 ára
45. Þorgerður Ástvaldsd. Magnússonar, Grettisg. 38B
46. Þóra Jónsdóttir (hjá Guðr. Ingjaldsd., Vesturg. 31, 7 ára
47. Þuríður Markúsd. Guðmundss. í Skuld, 8 ára

Eptirgjöf á hálfu kennslukaupi, hefur þessum börnum verið veitt:

1 Ágúst Kristinsson Þorkelss. skósm., Bjarnaborg, 8 ára
2 Guðm. Eyjólfsson Ófeigssonar Laugaveg 27B
3 Sigurlaug Oddsdóttir Guðmundss., Laugav. 66, 8 ára
4. sonur Þorsteins Guðmundss., Bergstaðastræti, 8 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. okt. '09

97

Hjer með tilkynnist yður, herra úrsmiður, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að veita 60 kr. til að gjöra kassa utan um kirkjuklukkuna til að verja hana skemdum. -

Herra
úrsmiður Magnús Benjamínsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. okt. 09

98

Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 7. þ.m. gefið eptir útsvar það, er manni yðar sáluga hafði verið gjört að greiða yfirstandandi ár, samkv. ósk yðar í brjefi dagð. 14. f.m. –

Til
ekkjunnar Guðrúnar Steindórsdóttur
Rásagerði. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909 99

Með brjefi dags.7.ágúst þ.á.,hafið þjer herra steinsmiður sagt upp grjótlandi því,er yður var útmælt í Grenshálsi 1907 ásamt Ingvari Sveinssyni,og jafnframt sótt um,að yður verði eptirgefið það af hinu áskilda eptirgjaldi fyrir árið 1907 og 1908,sem umfram er 10 krónur.

Þessari málaleitun yðar hefur bæjarstjórnin á fundi 7.þ.m. svarað á þá leið,að hún tekur uppsögn yðar gilda frá næstu áramótum,en hinsvegar neitar hun,að gefa yður nokkuð eptir af hinu áskilda eptirgjaldi fyrir undanfarið og yfirstandandi ár.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

steinsmiður Øgmundur Guðmundsson,Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909 100

Með fundargjörð 21.marz 1907 var þeim Øgmundi Guðmundssyni og Magnúsi Egilssyni leigð 1 dagslátta af grjótlandi bæjarins i Grenshálsi gegn 15 kr. árgjaldi fyrir dagsláttuna. Øgmundur Guðmundsson hefur sótt um að fá eptirgjöf af nokkrum hluta afgjaldsins fyrir 1908 og 1909, en bæjarstjórnin hefur synjað honum um það. Jafnframt því að tilkynna yður þetta, væntist þess að þjer innheimtið afgjaldið fyrir þessi ár, að svo miklu leyti það er ekki borgað að fullu.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909 101

Með brjefi dags.14.f.m.,hafið þjer,herra keyrslumaður, ásamt tveimur öðrum búendum á Grimastaðaholti sótt um að fá styrk til að gjöra þar vatnsból.Bæjarstjórnin frestaði að sinni að taka ákvörðun um þessa beiðni ykkar,en fól mjer jafnframt,að leita upplýsinga um,að hve miklu leyti búendur á Grimastaðaholti vildu taka þátt í kostnaði við lagningu vatnsveitunnar þangað.-Jeg vænti því viðtals við yður um þetta hið allra fyrsta.-

Herra

keyrslumaður Øgmundur Hansson,Hólabrekku,Grimstaðaholti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11.okt.1909 102

Með hæztvirtu brjefi dags.6.þ.m.hefur hið háa stjórnarráð spurst fyrir um hvort bæjarstjórn Reykjavíkur vildi taka að sjer framvegis viðhald á nyrðri helmingi vegarins að Lauganesi,gegn því að vegurinn verði afhentur henni í gildu standi. Þetta erindi hef jeg lagt fyrir bæjarstjórnina á fundi 7.þ.m.,en hún synjaði því að taka að sjer viðhald vegarins.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Til

Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

103

Erindi yðar, herra fóðrari, dags.23.f.m. um að fá 6 dagsláttur á erfðafestu i svokallaðri Norðurmýri hefur bæjarstjórnin á fundi 7.þ.m. svarað þannig, að hún vill láta yður fá á erfðafestu i mýri þessari 1 hektar þar sem bæjarverkfræðingurinn i samráði við fasteignarnefndina, mælir yður út landið. Landið veitist með hinum venjulegu erfðafestuskilmálum og er ræktunartiminn settur 4 ár að meðtöldu því ári sem ætlað er til girðingar. Ber yður að snúa yður til bæjarverkfræðingsins til þess að fá landið útmælt.-

Herra

fóðrari Axel Meinholt, Laufásvegi 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11.okt.1909

104

Bæjarstjórnin samþykkti á síðasta fundi, að gefa yður, herra kaupmaður, kost á, að fá á erfðafestu 2 hektara af landi í Norðurmýrinni með hinum nýju erfðafestuskilmálum, þar sem bæjarverkfræðingurinn eptir samráði við fasteignarnefndina útmælir yður landið. Ræktunartíminn er ákveðinn 4 ár að meðtöldu því ári sem ætlaður er til girðingarinnar.-

Herra
kaupmaður Pjetur Hjaltested.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

105

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi heimilað Axel Meinholt fóðrara einn hektar af landi til erfðafestu i Norðurmýrinni og Pjetri kaupmanni Hjaltested 2 hektara i sömu mýri. Hvorutveggja landið afhendist samkvæmt útmælingu yðar, er ber að gjöra i samráði við fasteignarnefndina og hlutaðeigendur.-

Jafnframt þvi að tilkynna yður þetta, er þess farið á leit að þjer útmælið lönd þessi, og jeg þyrfti einnig að fá frá yður hið allra fyrsta kort yfir þann hluta Norðurmýrarinnar, sem enn þá ekki er látinn á erfðafestu.

Til

Bæjarverkfræðingsins i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11.okt.1909

106

Á síðasta fundi var tekin til meðferðar beiðni frá Þórhalli biskup Bjarnarsyni, sú er hjer með fylgir eptirrit af um að fá á erfðafestu landstykki sunnan við erfðafestu lönd hans. En áður en bæjarstjórnin tekur ákvörðun um beiðni þessa, vill hún fá kort af erfðafestulandi hans ásamt landspildu þeirri er hann nú biður um, og þannig að á kortinu sje sýnt, hvar um erfðafestulöndin komi til að liggja, fyrirhuguð hringbraut kringum bæinn svo og skammtigarður kringum Tjörnina að sunnanverðu. Er því hjer með lagt fyrir yður, herra bæjarverkfræðingur, að láta mjer í tje allt þetta hið allra fyrsta að hægt er.

Til

Bæjarverkfræðingsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

107

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi synjað beiðni yðar, herra járnsmiður, um að verða löggiltur innlagningarmaður fyrir vatnsveituna.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

járnsmiður Páll Magnússon Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

11.okt.1909 108

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi synjað beiðni yðar, herra járnsmiður, um að verða löggiltur innlagningar-maður fyrir vatnsveituna.-

Herra

járnsmiður Sigurgeir Finnsson, Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

109

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi synjað beiðni yðar um að verða löggiltur innlagningarmaður fyrir vatnsveituna.-

Herra

vjelameistari Th.Rostgaard ,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

110

Á siðasta fundi sampykkti bæjarstjórnin"að lána til leikfimisæfinga leikfimishús barnaskólans yfirstandandi skólaár :Ungmennafjelagi Reykjavikur,Íþróttafjelagi Reykjavikur, Ingibjörgu Guðbrandsdóttur,fyrir stúlkur er hún kennir,daufdumdranemendunum,kvenna skóla Reykjavikur og Birni Jakobssyni. Skulu lánendur enga sjerstaka leigu greiða,en kosta lýsing, ræsting og hitun og hlýa fyrirmælum og ákvæðum skólastjóra i notkun hússins.-Þetta allt þó því að eins að notkunin komi ekki i baga við afnot barnaskólans af húsinu.-

Herra

skólastjóri Morten Hansen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

111

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkyna yður,herra bæjargjaldkeri,að bæjarstjórnin hefur á fundi 7.þ.m. gefið eptir aukaútsvar það,er lagt var á Einar sáluga mann Guðrúnar Steindórsdóttur ekkju í Ráðagerði á Selsholti

Til

Bæjargjaldkerans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11.okt.1909

112

Bæjarstjórnin hefur á fundi 5.ágúst þ.á.samþykkt að hækka laun Sigurðar barnakennara Jónssonar upp i 1500 kr. frá 1.okt.þ.á.að telja.

Þetta tilkynnist yður,herra gjaldkeri,hjer með og er lagt fyrir yður að greiða honum launin með 1/12 hluta upphæðar þessarar mánaðarlega fyrir hvern mánuð.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. oktbr. 9

113

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri kr. 46.67, sem er endurgjald frá Dyrhólahreppi hinum forna á 2/3 hlutum fátækrastyrks þess er Jóni Jónssyni, Vesturgötu 42 hefur verið veittur til 30. júlí þ. á.

Kvittunar óskast.

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. okt. '09

114

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 46 kr. - fjörutíu og sex krónur - er komið hefur inn fyrir veiðileyfi í septembermánuði fyrir Elliðaárnar. -
Kvittun óskast. -

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909 115

Með heiðruðu brjefi dags.4.þ.m.,hafið þjer,herra sýslumaður,sent mjer frá Dyrhólahreppi hinum forna kr.46.67, til endurgjalds á 2/3 hlutum af sveitarstyrk þeim,er Jóni Jónssyni hafði verið veittur hjer í bænum til 5.ágúst þ.á. Fyrir þessum kr.46.67 kvittast hjer með.

Eptir að brjef mitt 5.ágúst var skrifuð,fjekk Jón hjer úr sveitarsjóði 16 krónur.Af upphæð þessari á Dyrhólahreppur hinn forni að endurgjalda 10 kr.67 a. og vænti jeg að þjer innheimtið þá upphæð og sendið mjer.-

Til

sýslumannsins í Vestur-Skaptafellssýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12 okt. '09 116

Samkvæmt símskeyti hreppsnefndarinnar hef jeg veitt Guðjóni Sólberg Friðrikssyni á Kárastíg 100 krónur úr sveitarsjóði. Upphæð þessa vænti jeg að hreppsnefndin samkv. símskeytinu greiði mjer hið allra fyrsta

Til
hreppsnefndar Þingeyrarhrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

12.okt.1909



117

Með hæztvirtu brjefi dags 1.þ.m.,hefur hið háa stjórnarráð sent mjer til umsagnar erindi hreppsnefndar Gaulverjabæjarhrepps dags.29.f.m. með 5 fylgiskjölum,en í erindi þessu,fer hreppsnefndin þess á leit,að fá endurgoldnar úr landssjóði 347 kr.50 a. af legukostnaði þurfalingsins Guðmundar Ámundasonar, sem legið hefur í berklaveiki á St.Jósefshospitali hjer í bænum frá 6.júlí.f.á..-

Jafnframt því að endursenda öll fylgiskjölin með nefndu brjefi stjórnarráðsins,leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skýra frá því,að nefndur Guðmundur Ámundsson var viðurkenndur að vera sveitlægur í Gaulverjabæjarhreppi áður en hann samkvæmt læknis skipun var fluttur á sjúkrahúsið.Hann liggur enn þá á sjúkrahúsinu dauðvona,og hefur fátækranefndin hjer ráðið til þessa að leggja sjúkrakostnaðinn út til bráðabyrgða og krafizt endurgjalds á 2/3 hlutum hans til 30 júní þ.á..Að öðru leyti er sjúklingurinn undir ráðstöfun hreppsnefndar Gaulverjabæjarhrepps,og væntanlega getur enginn vafi leikið á því,að sú hreppsnefnd eigi að fá endurgoldið úr landssjóði það af sjúkrakostnaðinum sem umfram er 200 kr..-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909

118

Til svars heiðruðu brjefi yðar,herra lausamaður,dags. 23.nóv.1908 sendi jeg yður hjer með kvittun gjaldkera bæjarins, fyrir því að þjer hafið greitt hjer allt aukaútsvar það er yður var gjört að greiða 1908.Þar sem þjer það ár töldud heimili yðar vera hjer i bænum,bar yður að greiða allt gjaldið hjer og verður því ekkert af því endurgoldið eða numið burt, en hinsvegar ber yður væntanlega ekki að greiða gjöld i Ólafsvik fyrir það ár.-

Gjaldseðill yðar i Ólafsvikurhreppi sendist yður hjer með.-

Herra

lausamaður Guðlaugur Halldórsson, Ólafsvik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.oktbr. 9 119

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brjef frá Árna Pálssyni, Hverfisgötu 26 hjer í bænum, dags. 7. maí þ.á. og eptirrit af amtsúrskurði, útg. 22. april 1902, er skyldar Eirik Guðmundsson á Smærnavöllum til þess að gefa 40 kr. árlega með Elínu óskilgetinni dóttur hans og Ingibjargar Kristrúnar Bjarnadóttur. Barnið er hjer á framfæri hjá nefndum Árna Pálssyni, en móðirin er nú sögð að vera til heimilis á Seyðisfirði. Er það krafa þess sem barnið hefur á framfæri hjer að dvalarsveit móðurinnar greiði hingað meðlögin samkvæmt úrskurðinum fyrir síðastliðið og yfirstandandi ár, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að gjöra það og senda mjer eða Árna Pálssyni þeim sem barnið framfærir, meðlögin hið allra fyrsta.-

Til

Bæjarfógetans á Seyðisfirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

.12.oktober 9 120

Sigurður Sigurðsson,Laugaveg 35 hefur í dag fengið sveitarstyrk til framfæris sjer og fjölskyldu sinni, að upphæð 20 krónur,að undangenginni aðsjónargjörð.Jeg sendi yður,herra sýslumaður hjer með aðsjónargjörðina og skýrslu um æfiferil Sigurðar og ber skýrslan með sjer,að hann er sveitlægur í Vestur-Landeyjahreppi í sýslu yðar.Bið jeg yður að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni og innheimta 2/3 hluta hinns veitta styrks og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til

sýslumannsins í Rangarvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.oktober 9

120

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Bessastaðahrepps, hefur fátækranefndin hjer látið gamalmenninu Jóni Eirikssyni, Laufásvegi 3 i tje fátækrastyrk að upphæð 12 krónur.Styrk þenna eruð þjer,herra sýslumaður,beðinn um að innheimta hjá hreppsnefnd Bessastaðahrepps.Viðurkenning hreppsnefndarinnar fyrir sveitfestinni fylgir hjer með.-

Til

sýslumannsins i Gullbringu-og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.oktober 9 121

Með brjefi dags.19.ágúst þ.á. sendi jeg yður,herra sýslumaður,reikning yfir legukostnað stúlkunnar Guðrúnar Jóhannesdóttir sveitarómaga Geiradalshrepps fyrir legu hennar á sjúkrahúsinu frá 26.april til 30.júni þ.á.,að upphæð kr.97.50.Upphæð þessa hafði fátækrasjóður Reykjavikur orðið að leggja út til bráðabyrgða og nú hefur fátækrasjóður aptur orðið að greiða fyrir sama sjúkling legukostnað frá 1. júlí til 30.sept.,138 kr.,eins og meðfylgjandi kvittaður reikningur sýnir.Skuldar þannig Geiradalshreppur fátækrasjóðnum 235 kr. 50 a.,er þess hjer með farið á leit,að þjer innheimtið upphæð þessa hjá Geir-adalshreppi og látið hreppsnefndina ekki lengur komast upp með það að draga greiðslu á þessu.

Til

sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.oktober 9

122

Í skýrslu um æfiferil ekkjunnar Guðríðar Guðmundsdóttur, Njálsg.35, vantar upplýsingar um það, hvar maður hennar Ingimundur Jónsson, er dó árið 1900, hafi verið sveitlægur, en undir því getur það verið komið, hvar Guðríður nú eigi sveit. Jeg endursendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með skýrslu þessa og bið yður að taka framhaldsskýrslu af Guðríði um þetta atriði.-Þessa framhaldsskýrslu óska jeg að fá hið allra fyrsta, þar eð mjer ríður á því, að geta krafið framfærslusveitina um endurgjald á styrk þeim, sem Guðríði hefur verið veittur hjer.-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.okt.1909 ++ 124

Fátækrastjórnin hjer hefir orðið að leggja út til Sigríðar HÖllu Pálsdóttur meðlag með Þorsteini Baldvin Sigurði, óskilgetnum syni hennar og Sigurðar Jónssonar úr Auðkúluhreppi, 45 krónur, fyrir árið frá 1.ágúst 1908 til jafnlengdar 1909, en meðlag þetta fjell í gjalddaga 1.ágúst þ.á., samkvæmt amtsúrskurði 22.júlí 1903. Úrskurðurinn sendist hjermeð og bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta fúlguna hjá Auðkúluhreppi og senda mjer hið fyrsta.-

Það vottast að drengurinn Þorsteinn Baldvin Sigurður sje lifandi.-

Úrskurðurinn óskast endursendur.-

Til

sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909

125

Bæjarstjórnin hefur sambykkt að lána"Ungmennafjelagi Reykjavikur" leikfimishús barnaskólans yfirstandandi vetur 2 tima á viku með því skilyrði að fjelagið borgi hita,ljós og ræsting og að húsið verði notað á þeim timum,er barnaskólinn ekki þarfnast þess,en um það verður fjelagið að koma sjer saman við skólastjóra Morten Hansen eins og lika fjelagið verður að öðru leyti að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.

Þetta tilkynnist hjer með.-

Til

"Ungmennafjelags Reykjavikur "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909 126

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að lána Íþróttafjelagi Reykjavikur leikfimishús barnaskólans yfirstandandi vetur 2 tima á viku með því skilyrði að fjelagið borgi hita, ljós og ræsting og að húsið verði notað á þeim tima, er barnaskólinn ekki þarfnast þess, en um það verður fjelagið að koma sjer saman við skólastjóra Morten Hansen eins og lika fjelagið verður að öðru leyti að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Til

Íþróttafjelags Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909 127

Bæjarstjórnin hefur sampykkt að lána ungmennafjelaginu Iðunn leikfimishús barnaskólans yfirstandandi vetur 2 tima á viku með pvi skilyrði að fjelagið borgi hita,ljós og ræsting og að húsið verði notað á peim timum,er barnaskólinn ekki parfnast pess,en um pað verður fjelagið að koma sjer saman við skólastjóra Morten Hansen eins og lika fjelagið verður að öðru leyti að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Til

ungmennafjelagsins "Iðunn"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavikur

12.okt.1909 128

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að lána yður leikfimishús barnaskólans yfirstandandi vetur 1-2 tima á viku með því skilyrði að þjer borgið hita,ljós og ræsting og að húsið verði notað á þeim timum,er barnaskólinn ekki þarfnast þess,en um það verðið þjer að semja við skólastjóra Morten Hansen eins og þjer verðið lika að öðru leyti að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.-

Þetta tilkynnist þjer með.-

Ungfrú

Ingibjörg Guðbrandsdóttir,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909 129

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tilkynna hinu háa stjórnarráði, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að lána nemendum daufdumbraskólans leikfimishús barnaskólans yfirstandandi votur, 2 tima á viku með því skilyrði að ljós, hiti og ræsting verði borgað og að húsið verði notað á þeim timum, er barnaskólinn ekki þarfnast þess, en um það skal samið við skólastjóra Morten Hansen eins og lika verður að öðru leyti að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.-

Til

Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909 130

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum sampykkt að lána kvennaskóla Reykjavikur leikfimishús barnaskólans yfirstandandi vetur 2 tima á viku með pvi skilyrði að skólinn borgi hita, ljós og ræsting og að húsið verði notað á peim timum,er barnaskólinn ekki parfnast pess,en um pað skal semja við skólastjóra Morten Hansen eins og að öðru leyti ber að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Til

skólanefndar kvennaskóla Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.okt.1909 131

Bæjarstjórn in hefur sampykkt að lána yður leikfimishús barnaskólans yfirstandandi vetur 1-2 tima á viku með pvi skilyrði að pjer borgið hita,ljós og ræsting,að húsið verði notað á peim timum,sem barnaskólinn ekki parfnast pess,en um pað verðið pjer að semja við skólastjóra Morten Hansen eins og pjer lika að öðru leyti verðið að hlýða fyrirmælum hans og ákvæðum um notkun hússins.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

kennari Björn Jakobsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

132/126

Hjermeð segi jeg upp frá 1. n. m. herbergi því, er vatnsveitunskrifstofan hefur leigt í húsi yðar, herra kaupmaður.—

Borgarstjórn Reykjavíkur, 15. okt. '09

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mjer þykir það leitt að þurfa að skýra yðar hágöfgi frá því, að milli hins frakkneska varakonsúls, herra J. Brillouin annarsvegar og bæjarstjórnar og byggingarnefndar Reykjavíkur hinsvegar, er ágreiningur, sem ekki hefur fengist jafnaður. En ágreiningur þessi og tildrögin til hans eru þau, sem hjer segir:—

Eins og meðfylgjandi eptirrit úr gjörðabók byggingarnefndar Reykjavíkur sýnir, veitti byggingarnefndin herra varakonsúl J. Brillouin leyfi til þess að byggja íbúðarhús á svonefndu Fjelagstúni hjer í bænum, á lóð er hann sem fulltrúi franska spítalafjelagsins í Dunkerque hafði keypt af yfirdómara Jóni Jenssyni og bankagjaldkera Halldóri Jónssyni. Þegar byggingarleyfið var veitt hafði byggingarnefndin fyrir sjer teikningar af húsinu, er sýndi stærð þess, útlit, fyrirkomulag herbergja o. s. frv., en ekki konstruktionsteikningar neinar og heldur ekki byggingarsamninginn.

Að fengnu byggingarleyfinu var byrjað að byggja húsið og hafði byggingarfulltrúinn eptirlit með byggingu hússins eins og allra annara bygginga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þess að gæta þess, "að ákvæðum byggingar-
arsamþykktarinnar væri fullnægt". Kom
það þá í ljós, að húsið eins og það var fyrir-
hugað fullnægði ekki að öllu ákvæðum
byggingarsamþykktarinnar. Byggingar-
fulltrúinn átaldi þetta og krafðist, að
húsið yrði gjört eins og byggingarsam-
þykktin mælir fyrir, en því var neitað.
Byggingarnefndinni var skýrt frá þessu,
en þar sem nefndinni var það mjög óljúft
að nokkur deila skyldi rísa út af þessu
við konsúl J. Brillouin heimsótti jeg hann
persónulega og bauð honum mína milli-
göngu til að fá ágreininginn jafnaðan,
benti honum á, að samkvæmt 1. gr. bygg-
ingarsamþykktarinnar, væri hægt að
fá undanþágu frá ákvæðum hennar,
og fullvissaði jeg hann jafnframt um
að slík undanþága mundi verða veitt
honum, ef hann þá sækti um hana. En
jeg fjekk það svar hjá honum, að hann
ekki vildi sækja um slíka undanþágu.
Hann kvaðst óska deilu við bæjarstjórn-
ina ("Jeg önsker konflikt"). Jafnframt ósk-
aði hann að fá skriflegt frá byggingar-
fulltrúanum, að hverju leyti húsið
ekki fullnægði ákvæðum byggingarsam-
þykktarinnar. Byggingarfulltrúinn
setti svo fram athugasemdir sínar í brjefi
dags. 26. júní þ.á., er [illegible]
rit af. Má af brjefi þessu sjá hvað í

milli ber. Seinna hefur byggingarfull-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

trúinn skýrt frá því, að frágangur á
stigum hússins fullnægi ekki ákvæðum
byggingarsamþykktarinnar.–

Er jeg hafði fengið áðurgreint
svar konsúls Brillouin, að hann ekki
vildi sækja um undanþágu, ritaði
jeg bæjarfógetanum 28. júní og fór þess
á leit, að hann legði bann fyrir að
smíðinni á húsinu yrði haldið áfram,
nema kröfum byggingarnefndarinnar
ar um lagfæringuna yrði fullnægt
eða undanþága fengin. En þetta var
þó ekki gjört fyrir þá sök, að samdæg-
urs og þetta brjef var sent bæjarfógeta,
kom yfirsmiður hússins til mín og
lýsti því yfir, að kröfum byggingar-
fulltrúans um lagfæringu á húsinu
skyldi verða fullnægt og var þetta
jafnharðan tilkynnt bæjarfógeta.
Smiðurinn efndi þó ekki þetta, að hans
sögn af því konsúllinn hafði bannað
honum að gjöra það.–

Konsúllinn skrifaði svo hinu háa
stjórnarráði um málið í brjefi dags.
29. júní, og ljet byggingarnefndin uppi
umsögn sína um það í brjefi til
stjórnarráðsins dags. 24. júlí og vísast
til þess brjefs. Seinna hefur konsúllinn
haldið því fram, að hann í brjefi
þessu hafi beðið [illegible]

⊢ frá ákvæðum byggingarsamþykktar–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innar. En þetta er ekki rjett og kemur það
skýrt fram í brjefi mínu 24. júlí, að
bæjarstjórnin lagði ekki þann skilning
í brjefið, að í því væri beðið um undan-
þágu, enda hefði borið að stíla slíka beiðni
til byggingarnefndarinnar og bæjarstjórn-
arinnar.

Þótt ekki væri beðið um undanþáguna
var samt ekki frekar leitað aðstoðar dóms-
valdsins til þess að fá stöðvaða bygging
hússins. Var það ekki gjört af því hjer átti
hlut að máli starfsmaður annars ríkis,
er jeg vildi til hins ýtrasta sýna tilhliðr-
unarsemi. Í brjefi dags. 28. júlí tilkynnti
líka konsúllinn stjórnarráðinu að hann
hefði uppfyllt kröfur byggingarnefnd-
arinnar. En er byggingarfulltrúinn
rannsakaði þetta, reyndist það ekki rjett.
Að eins einni af kröfum byggingarnefnd-
arinnar hafði verið fullnægt. Þetta til-
kynnti byggingarfulltrúinn í brjefi
dags. 3. ágúst, er jeg sendi stjórnarráð-
inu með brjefi dags. 4. s. m. Jeg vonaði
samt til hins síðasta, að einnig hinum
kröfum byggingarnefndarinnar yrði
fullnægt, en sú von brást. Húsasmíðinni
var haldið áfram og (húsið) fullgjört án þess
fært væri í lag það, er þurfti. Nú er
svo ákveðið í 6. gr. byggingarsamþykkt-
arinnar, að ekki megi taka neitt hús

⊥ til íbúðar fyr en fengið sje vottorð bygg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingarnefndar um að það fullnægi kröf-
um byggingarsamþykktarinnar. Um
þetta aðvaraði jeg konsúl Brillouin
í brjefi dags. 1. sept. er hjer með fylgir
eptirrit af, en hann skeytti því engu,
flytur búslóð sína og þjónustumann
í húsið án leyfis og brýtur þar með
vísvitandi og með ásetningi þetta
ákvæði byggingarlaga vorra.—

Í annan stað hefur konsúll J.—
Brillouin brotið byggingarlög vor með
því að byggja án leyfis hesthús skammt
frá íbúðarhúsinu. Er hann byrjaði að
byggja það, var hann aðvaraður um
að hann þyrfti að sækja um leyfi til
þess. Þetta var ítrekað í brjefi dags.
27. júlí þ.á., er jeg sendi hjer með í
eptirriti, sbr. einnig brjef mitt til stjórn-
arráðsins dags. 24. ágúst. En konsúll-
inn hefur virt að vettugi í þessu efni
lögin og aðvaranir mínar og byggt
hesthúsið að fullu í óleyfi.—

Loks hefur byggingarfulltrúinn
í brjefi dags. 4. þ.m., sem hjer með fylgir
eptirrit af, skýrt mjer frá því, að kon-
súllinn hafi afmarkað byggingarlóð
sína á Sjelagötuni öðruvísi en ákveðið
var af byggingarnefndinni og öðruvísi
en ákveðið var í kaupsamningnum. L
Sýnir það sig, að þett[illegible]

L fyrirhugaða vegi, er bæjarstjórninni geymdur rjettur til að fá þetta lagfært

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hánum að kostnaðarlausu.

Af því sem jeg þegar hef tekið fram er það nægilega ljóst, að herra konsúll Brillouin hefur með vilja brotið byggingarlög bæjarins og getur bæjarstjórn ekki látið það viðgangast. Í byggingarlögunum er svo ákveðið, að sá er það brýtur skuli sektast, og að rífa skuli niður hús þau, sem byggð eru í óleyfi. En þar sem hjer á hlut að máli starfsmaður annars ríkis – ríkis sem jeg virði og elska – væri mjer kært að geta komist hjá að beita slíkum þvingunarmeðulum í þetta skipti. Er það því virðingarfyllst tilmæli mín, að yðar hágöfgi vildi þóknast að hlutast til um, að yfirboðurum konsúls Brillouin verði skýrt frá framangreindum lagabrotum hans. Er jeg þess þá viss, að honum verður lagt fyrir að hlýða lögum vorum og bæta úr því, sem þegar er brotið, og yrði þá komist hjá því, að leita aðstoðar dómstólanna út af hjer umræddum brotum hans.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[Bo]rgarstjóra Reykjavíkur
16. okt. '09

134

kaupmanni Björn Sigurðsson,
Kaupmannahöfn.

Þann 11. des. næstk. fær Reykjavíkurbær veðdeildarlán hjá Landsbanka Íslands að upphæð 500 þúsund krónur. Veðdeildarbrjef þau, sem bærinn fær, eru gefin út samkvæmt lögum þeim, er samþykkt voru á síðasta Alþingi. Bærinn óskar að selja brjef þessi með sem hæstu verði og leyfi jeg mjer hjer með, að biðja yður að útvega mjer tilboð um kaup á þeim. Lægra tilboð en 98½% verður þó ekki sinnt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[K]ontoret i Reykjavik
16. okt. 09

135

Hr. Ingeniör H. A. Hansen.

Jeg undlader ikke hervedat meddele dem, at jeg er bleven underrettet om, at ved Nedgravningen af Gasrörene i Barónsstig fandtes Vandrörene der at ligge i kun 85 Centimeters Dybde. Jeg henstiller til dem om det ikke er uforsvarligt at lade en af Byens Hovedtilförselsaare ligge i en saa ringe Dybde. Jeg anser det for nödvendigt at skaffe en yderligere Paafyldning tilveje for at sikre sig mod Frost.

Endvidere har det vist sig at Husledningerne i nogle af Gaderne ligger i mindre Dybde en ventet. – Jeg önsker at de undersöger dette navnlig i Hverfisgade. –

Med Höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[Bor]gmesterkontoret i Reykjavik
den 19 Okt. 09

136

Jeg undlader ikke herved at meddele
dem, at Byens Ingeniör, herr Sig. Thoroddsen
skal paa Vandværksudvalgets Vegne
modtage Vandværket af dem, hvorfor de
herved anmodes om, i sin Tid at aflevere
dette til ham, tilligemed alt Vand-
værket tilhörende, ogsaa alle Planer,
Tegninger og Kort.

Jeg har underrettet Byingeniøren
om at Strækningen fra Gvendarbrunnum til
Veitinamannahus er fra deres Side færdig
til Aflevering og har henvist ham til
snarest muligt at konferere med dem
angaaende Afleveringen, samt at Mod-
tagelsen fra hans Side maa være
tilendebragt nogle Dage för 4. Nov. for
at de den Dag kan afrejse herfra som
de har önsket.

Med Höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vatnsveitunefndin hefur á fundi í gær samþykkt að fela yður, herra bæjarverkfræðingur, að taka við fyrir hönd nefndarinnar vatnsveitunni úr höndum verkfræðings K. A. Hansens með öllu henni tilheyrandi áhöldum, teikningum, kortum o.s.fr. og er jafnframt lagt fyrir yður að rannsaka allt verkið eptir því sem þjer álítið við þurfa sjerstaklega kaflann frá Rauðarárholti uppað Gvendarbrunnum. Rannsókninni verður að ljúka svo fljótt sem hægt er og verður henni að vera lokið ekki síðar en nokkrum dögum fyrir 4. nóv. næstk., en þann dag ætlar verkfræðingur K. A. Hansen að fara hjeðan til Danmerkur.

Verkfræðingur K. A. Hansen hefur tilkynnt mjer, að tilbúinn sje til afhendingar kaflinn frá Gvendarbrunnum að Rauðarárholti og getur rannsókn á þeim kafla þegar byrjað í stað. En áður en það verður byrjað, vænti jeg að þjer farið til verkfr. K. A. Hansens og fáið hjá honum teikningar þær er þjer þurfið og berið yður saman við hann um móttökuna.

Vatnsveitunefndin væntir svo, að mega taka frá yður ítarlega skýrslu um ástand vatnsveitunnar og á[illegible]

⊥ þeim er þjer álítið gjöra.—

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Oktbr. 9

138

Hérmeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 16 kr. 67 a. sem er endurgjald frá Þingvallahreppi á 2/3 hlutum af þeim ... veittar voru 27. febr. þ. á. Elínu Halldórsdóttur konu Kristjáns Þorleifssonar á Hvoli í Ölvesi.

Kvittun óskast við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

139

10. okt. 9

Jeg sendi yður, herra bæjargjald-keri, hjer með ávísun á Íslandsbanka, að upphæð 178 kr. 50 a. frá sýslumann-inum í Rangárvallasýslu, og á upp-hæðin að ganga til greiðslu upp í styrk veittan Páli Ólafssyni múrara. Þess skal getið, að þó ávísunin hljóði uppá útbú Íslandsbanka á Seyðisfirði, verður hún greidd hjer.–

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. okt. 16. 9 140

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 40 – fjörutíu krónur –, sem eru endurgjald frá Holtahreppi á barnsfúlgu, er þ. 29. sept. var greidd hjeðan til bráðabyrgða fyrir Bjarna Guðmundsson frá Háfholti.

Kvittun fyrir greiðslu þessari ós[illegible]

Til

Bæjargjaldkerans [illegible] Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.okt.1909

Þórhallur biskup Bjarnarson hefur fengið leyfi til að breyta 5933 ferálnum af erfðafestulandi sinu i byggingarlóð gegn því að greiða 20% af virðingarverði lóðarinnar i bæjarsjóð. Lóð þessi hefur verið metin á 40 aura feralin hver eða alls 2373 kr. 20 a., og er því upphæð sú er greiða á i bæjarsjóð 474 kr. 64 a.. Upphæð þessa vænti jeg að greidd verði til yðar, herra gjaldkeri, hið fyrsta og ber yður að færa bænum hana til tekna undir 12. tekjulið áætlunarinnar.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.okt.1909

Samkvæmt útmælingu bæjarverkfræðingsins, hefur viðbót sú, er þjer hafið fengið útmælt til byggingarlóðar úr erfðafestulandi yðar, reynst að vera 6445 ferálnir, en þar frá eiga að dragast 512 ferálnir, sem af áður útmældum byggingarlóðum yðar eiga að leggjast við erfðafestulandið. Verður þannig viðbótin við byggingarlóðina 5933 ferálnir. Lóð þessi var af dómkvöddum mönnum metin 40 a. hver feralin eða kr. 2373.20. Af upphæð þessari eiga að greiðast 20% í bæjarsjóð eða 474 kr. 64 a. og vænti jeg að þjer greiðið bæjargjaldkeranum upphæð þessa við fyrsta tækifæri.

Háæruverðugi

herra biskup Þórhallur Bjarnarson. Laufási.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.okt.1909

Með heiðruðu brjefi dags.14.þ.m.hafið þjer,herra sýslumaður,sent mjer ávisun á útbú Íslandsbanka á Seyðisfirði,að upphæð 178 kr.50 a.,og er upphæð þessi endurgreiðsla af hálfu Páls múrara Ólafssonar upp i styrk þann,er honum og fjölskyldu hans var veittur næstliðinn vetur.-

Fyrir þessum 178 kr.50 a.kvittast hjer með.-

Til

Sýslumannsins i Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.okt.1909

Með brjefi dags.14.þ.m. hafið þjer,herra sýslumaður, sent mjer kr.16.67,sem eru 2/3 hlutar af styrk þeim,er Elinu Halldórsdóttur konu Kristjáns Þorleifssonar hafði verið veittur úr fátækrasjóði Reykjavíkur næstliðinn vetur.-

Fyrir þessum kr.16.67,kvittast hjer með.-

Til

Sýslumannsins í Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19.okt.1909

144

Með heiðruðu brjefi dags.14.þ.m. hef jeg meðtekið frá yður,herra sýslumaður,40 krónur,sem er endurgjald frá Holtahreppi á Fúlgu,er fátækranefnd Reykjavíkur hafði orðið að greiða Sigríði Rósu Kristjánsdóttur fyrir hönd barnaföður hennar Bjarna Guðmundssonar frá Stúfholti,en fúlga þessi fjell í gjalddaga 1.okt. þ.á..Fyrir þessum 40 krónum kvittast hjer með.-

Til

sýslumannsins i Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. '09

145

Hjermeð tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður að slá upp bráðabyrgðarskýli, 4°×6° að stærð á lóð hans með því skilyrði að rifið verði skýlið tafarlaust, er krafist verður. –

Herra
fátækrafulltrúi Gunnl. Pjetursson
Ánanaustum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. '09

146

Hjermeð tilkynnist yður, herra trjesmiður, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær leyft yður að breyta kjallara húss yðar Lækjarg. 10B í sölubúð og stækka glugga kjallarans í dyr, með því skilyrði að inngöngu-rið verði lögleg. –

Herra
trjesmiður Sigurjón Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. 09

147

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var yður, herra úrsmiður, leyft að flytja glugga af vesturhlið á suður-gafl á húsinu Ingólfsstræti 23 (Norðurberg).
Þetta leyfist jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Herra
úrsmiður Helgi Hannesson, Rvík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. 09

148

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að yður hefur verið leyft að gera salerni í portinu við sölubúð yðar Austurstræti 17, þó að eins eptir fyrirsögn byggingarfulltrúa, sem jafnframt ákveður stað þess. –

Herra
kaupmaður Matthías Matthíasson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. október '09

149

Bæjarstjórnin hefur í gær leyft yður að gera steinsteypuhús, 11° x 12° + skúr $4\frac{3}{4}$ x $3\frac{1}{2}$° + forstofu $7\frac{3}{4}$° x $3\frac{3}{4}$°, allt tvílopta, á lóð yðar Bræðraborgarstíg 17, verður á horni Öldugötu og Unnarstígs, þó 4° inn frá húsalínum beggja gatna. Byggingarnefnd áskilur, að yfirborð útveggja að utan sje eins á báðum hæðum hússins að minnsta kosti niður gegnt sólbekkjum glugga á neðri hæð hússins.-
Þetta tilkynnist hjer með.-

Herra

Jóhann Hjörleifsson,
Bræðraborgarstíg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. oktober 09

150

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær, leyft yður að gera sal-ernaskúr við kvennaskólann nýja við Fríkirkjuveg 7° x 13/4 að stærð.

Herra
trjesmiður Steingr. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. '09

151

Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær, leyft yður að gera hús 10°x 10° einlopta með fuurklopti, og skúr við austurgafl 2° x 3½, á lóð yðar, Bræðraborgarstíg 32.-
Þetta tilkynnist hjer með.-

Herra
Þorleifur Þorleifsson, Bræðrab. stíg 32

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. okt. 1909

152

Á bæjarstjórnarfundi i gær voruð þjer, herra bæjarfulltrúi, ásamt bæjarfulltrúunum Sighvati Bjarnasyni og Jóni Jenssyni, kosinn i nefnd til að ihuga og leita samninga við forstöðunefnd Hótel Íslands um kröfu, er forstöðunefndin hefur gjört a hendur bæjarstjórninni fyrir lan a munum og þjónustufólki hótelsins til veizlu þeirrar, er bærinn hjelt konungi og dönsku rikisdagsmönnunum sumarið 1907. Vænti jeg að þjer kallið nefndina til fundar á sinum tima og jeg sendi yður hjer með skjöl þau, er mjer hafa borizt um þetta, sem eru :

1, Kröfubrjef forstöðunefndarinnar dags. 16. marz þ.a.

2, Reikningur dags. 21.þ.m.

3, Yfirlýsing S. Carlson dags. 24. ágúst 1907

4, Yfirlýsing Kristjans Bjarnasonar dags. 20.þ.m.-

Herra bæjarfulltrúi Klemens Jónsson , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. okt. 1909

153

Á fundi i gær kaus bæjarstjórnin yður, herra bæjarfulltrúi, i nefnd ásamt Klemens Jónssyni landritara og Jóni Jenssyni yfirdómara til þess að ihuga og leita samninga um kröfu, er forstöðunefnd Hótels Íslands hefur gjört a hendur bæjarstjórninni fyrir lan á munum og þjónustufólki frá Hótellinu til veizlu, er bærinn hjelt konungi og dönsku rikisdagsmönnunum sumarið 1907.-

Jafnframt þvi að tilkynna þetta get jeg þess, að jeg hef sent bæjarfulltrúa Klemens Jónssyni skjöl þau, er mjer hafa borizt um þetta, og vænti jeg að hann kalli nefndina til fundar á sinum tima.-

Herra bæjarfulltrúi Sighvatur Bjarnason.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22. okt. 1909

154

Á fundi í gær kaus bæjarstjórnin yður, herra bæjarfulltrúi, ásamt bæjarfulltrúunum Klemens Jónssyni og Sighv. Bjarnasyni í nefnd til þess að íhuga og leita samninga um kröfu, er forstöðunefnd Hótels Íslands hefur gjört á hendur bæjarstjórninni fyrir lán á munum og þjónustufólki frá Hótellinu til veizlu, er bærinn hjelt konungi og dönsku ríkisdagsmönnunum sumarið 1907.-

Jafnframt því að tilkynna þetta læt jeg þess getið, að jeg hef sent bæjarfulltrúa Klemens Jónssyni skjöl þau, er mjer hafa borizt um þetta, og vænti jeg, að hann kalli nefndina til fundar á sínum tíma.-

Herra bæjarfulltrúi Jón Jensson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. '09

155

Á fundi sínum í gær, samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á tveimur eptirgreindum húseignum:
Tómasar Tómassonar, Bergst. str. 11a á kr. 2756.00
Högna Finnssonar, Grundarstíg 7 - 6970.00
þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. okt. 1909

156

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar á húseignum Tómasar Tómassonar, Bergstaðastr. 11a og Högna Finnssonar, Grundarstíg 7. er bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. okt. '09

Bæjarstjórnin hefur samþykkt, að eptirgreindum gamalmennum verði veittur styrkur úr alþýðustyrktarsjóði, 10 kr. hverjum.

1. Einar Bjarnason Bræðraborgarstíg 24
2. Elín Björnsdóttir, Laugaveg 30
3. Elín Magnúsdóttir, Grjótagötu 9
4. Friðrikka Friðfinnsdóttir, Laugaveg 27B
5. Gróa Björnsdóttir, Bröttugötu 6
6. Gróa Rögnvaldsdóttir, Rvík
7. Guðleif Pálsdóttir Litlabæ
8. Guðríður Ingjaldsdóttir, Vesturg. 31
9. Guðrún Gísladóttir Laugaveg 25
10. Guðrún Guðmundsdóttir, Vesturg. 26
11. Guðrún Halldórsdóttir, Nýlendug. 17
12. Guðrún Sigmundsdóttir, Mjóstræti 2
13. Guðrún Sæmundsdóttir, Bjarnaborg
14. Halldóra Magnúsdóttir, Hverfisgötu
15. Halldóra Ólafsdóttir, Mýrdal
16. Helga Nikulásdóttir, Hverfisg. 22
17. Helga Pálsdóttir Nýlendugötu 12
18. Herdís Magnúsdóttir, Njálsg. 50
19. Ingibjörg Einarsdóttir, Skólastræti 5
20. Ingibjörg Eyjólfsdóttir Halldórshúsi
21. Ingibjörg Eyjólfsdóttir, Doktorshúsi
22. Jón Jónsson, Laugaveg 18
23. Kristbjörg Jónsdóttir, Grjóta
24. Kristbjörg [illegible]sdóttir [illegible]
25. Kristjana [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Margrjet Einarsdóttir, Grettisg. 36
27. Margrjet Einarsdóttir, Melkoti
28. Margrjet Erlendsdóttir, Klöpp
29. Marta Sæmundsdóttir, Hvíð
30. Ólöf Halldórsdóttir, Hábæ eystri
31. Ólöf Jónsdóttir Bjarnaborg
32. Ólöf Sigurðardóttir, Lindargötu 12
33. Ragnhildur Björnsdóttir, Nýlendug. 16
34. Ragnheiður Þorleifsdóttir, Eystri Hábæ
35. Rannveig Jónsdóttir, Grjótaholti
36. Rannveig Þórðardóttir, Þingholtsstr. 28
37. Rögnvaldur Leifsson, Hóli
38. Salgerður Magnúsdóttir, Bakka
39. Sigríður Bjarnadóttir, Nýlendug. 15
40 Sigríður Guðmundsdóttir, Vesturg. 57
41. Sigurlaug Guðmundsdóttir, Laugaveg 66
42. Steinunn Guðmundsdóttir, Nýborg
43. Sjófbjörg Þórðardóttir, Hvíð
44. Þóra Jónsdóttir, Smiðjustíg 4
45 Þorbjörg Hafliðadóttir Hverfisg. 13

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, að því viðbættu að jeg hefi tilkynnt styrkþegunum styrkveitinguna og að þeir geti vitjað styrksins á skrifstofu yðar.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22. okt. 1909

157

Á fundi í gær synjaði bæjarstjórnin yður og Kr. Kronborg um að fá á erfðufestu til ræktunar og byggingar landstykki austanvert við Elliðaárvoginn, er þið höfðuð beðið um að fá í brjefi dags. 6. þ.m.-

Þetta tilkynnist yður hjer með og eruð þjer jafnframt beðinn um að tilkynna það Hr. Kronborg.-

Herra vjelastjóri Th. Rostgaard, Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. okt. 1909

158

Á fundi i gær synjaði bæjarstjórnin að svo stöddu beiddi yðar i brjefi dags. 6.þ.m. um að fá á erfðafestu allt að 10 dagsláttur úr Vatnsmýrinni austur af Gróðrarstöðinni og sunnanvert við Aldamótagarðinn.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra garðyrkjumaður Einar Helgason ,Ingólfshúsinu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
22. okt. 1909

159

Á fundi i gær synjaði bæjarstjórnin beiðni yðar dags. 25. f.m. um að fá á erfðafestu landræmu meðfram túni sjera Jóhannns Þorkelssonar, þar sem landræma þessi er ætluð undir veg og vegur liggur þar yfir nú.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Guðmundur Jónsson , Bræðraborgarstig 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. okt. 1909

160

Á fundi i gær sambykkti bæjarstjórnin að verða við umsókn yðar og Helga Jónssonar um að fá erfðafestuland i Kringlumýri norðan fram með vatnsveituveginum og upp að erfðafestulöndum Árna Gislasonar pósts og Páls Halldórssonar skólastjóra. Verður ykkur útmælt landið af bæjarverkfræðingnum þó ekki yfir 2,5 hektara og er það skilyrði af hendi bæjarstjórnarinnar, að landið sje fullræktað áður en liðin eru 4 ár frá útmælingunni. Rjettur ykkar til landsins stofnast við undirritun erfðafestubrjefsins, en það verður gefið út jafnharðan og jeg fæ útmælingu bæjarverkfræðingsins.-

Þetta eruð þjer beðinn um að tilkynna meðumsækjanda yðar, Helga Jónssyni.-

Herra snikkari Pjetur Ingimundarson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22. okt. 1909

161

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt að veita Pjetri snikkara Ingimundarsyni og Helga Jónssyni steinsmið á erfðafestu landstykki í Kringlumýri norðanverðri, norðan meðfram vatnsveituveginum og upp að löndum Árna Gíslasonar pósts og Páls skólastjóra Halldórssonar, þó ekki meira en 2,5 hektara að stærð. Land þetta eruð þjer, herra bæjarverkfræðingur beðinn um að útmæla og afhenda mjer kort yfir það hið fyrsta, til þess að erfðafestubrjef verði gefið út fyrir því.-

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á skrá þeirri, er jeg sendi hinu háa stjórnarráði með brjefi dags. 28. f. m., yfir börn þau er fátækranefndin lagði til að veittur yrði styrkur úr Thorkilliisjóði þetta ár, vantaði að tilgreina aldur nokkurra barnanna, og er aldur þeirra barna, sem hjer segir:

Svandís Sigurðardóttir, Hverfisgötu 44, 12 ára
Guðrún Árnadóttir, Bakkastíg 7, 8 — —
Margrjet Einarsdóttir, Vitastíg 7. 12 — —
Guðrún Magnea Magnúsd., Stóra Skipholti 8 — —
Georg Grímsson, Vesturg. 59 . 9 — —
Björgvin Friðsteinsson, Njálsgötu 7 — —
Elín Halldórsdóttir, skipstj. (Þingholtsstr. 11 8 — —
Borghildur Magnúsdóttir (Sigr. Runólfsd.) 7 — —
Jóhanna Guðf. B. Gunnd. Bergþórsd., Bergst. st. 42. 9 — —
Erlingur Jónsson, Lindargötu 1. 7 — —
Friðrik Sigurðsson, Njálsgötu 50 9 — —

Jafnframt skal þess getið að börnin Margrjet Einarsdóttir, Vitastíg 7 og Svandís Sigurðardóttir, Hverfisgötu 44, eru svo veik að þau ekki geta gengið í barnaskóla bæjarins, og þessvegna er þess farið á leit að þau fái styrkinn þó þau sjeu á skólaskyldum aldri.

Loks leyfi jeg mjer að geta þess að á skránni hafa þrjú börn af misgáningi verið tvítalin, sem eru þessi:

Kristín Sigurrós Magnúsd., Seli, 8 ára
Guðrún Nikulásd. Litla-Steinsholti, 8 ára
Friðjón Albert Jóhannsson [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. okt. '09

Hr. Ingeniör H. A. Hansen

Efter hvad der er blevet meddelt mig, har det ved Udskylningen af Brandhanerne vist sig, at fölgende Brandhaner ikke er i Orden:

1. Ved Læreseminariet paa Laufásvegur
2. Framnesvegur, den vestligste
3. Lindargata Nr. 15
4. Grundarstígur Nr. 4
5. Framnesvegur Nr. 30
6. Klapparstígur överst
7. Mjóstræti, hos Vinaminni
8. Bergstaðastræti Nr. 43
9. Laufásvegur Nr. 45
10. Bankastræti, nederst
11. Lækjargata
12. Tjarnargata Nr. 28
13. Túngata Nr. 6

Jeg anmoder dem om hurtigst muligt at lade disse Brandhaner efterse og reparere om for nödent, og vil de kunne faa den fornödne Assistance dertil af Helgi Magnússon o.lo., hvis ikke G. Lössl. fuldmagtig er til Stede. Over disse Reparationer föres særskilt Regning, da denne skal betales af G. Lössl.

Endvidere henleder jeg deres Opmærksomhed paa, at det vil være nödvendigt at lade Brandhaneo[...]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

for Vand endnu i Dag for at undgaa at Vandet fryser i dem.-

Jeg har endnu ikke mod Forventning faaet Meddelelse fra dem om at Strækningen fra Ellidaaelven til Raudarárholt er færdig til Aflevering, og venter der for denne snarest muligt.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. oktbr. 9 164

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 175 kr. – eitt hundrað sjötíu og fimm krónur, sem er endurgjald frá Ytri-Akraneshreppi upp í styrk veittum Sigríði Helgadóttur, ekkju Ásbjarnar sál Sigurðssonar.–

Fyrir þessum 175 kr. vænti jeg kvittunar við tækifæri.–

Til
Bæjargjaldkerans Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. oktbr. 9 165

Með brjefi dags. 26. þ.m. hefur hreppsnefnd Ytri-Akranesshrepps sent mjer 175 kr. – eitt hundrað sjötíu og fimm krónur – sem er endurgjald uppí fátækrastyrk, veittum Sigríði Helgadóttur, ekkju Ásbj. Sigurðssonar. –
Fyrir þessum kr. 175.00, kvittast hjer með. –

Til
hreppsnefndar Ytri-Akranesshrepps. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. oktbr. 9 166

Með heiðruðu brjefi dags. 21. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer 20 – tuttugu krónur –, sem er endurgjald frá Glæsibæjarhreppi á sveitarstyrk veittan Jóni Björnssyni, Oddeyrargötu 58.

Fyrir þessum 20 kr., kvittast hjermeð.

Til

Bæjarfógetans á Akureyri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. oktbr. 9 167

Meðfylgjandi 20 - tuttugu krónu-
leyfi jeg mjer að senda yður, herra
bæjargjaldkeri, endurgjald frá Glæsi-
bæjarhreppi að 2/3 hlutum á fátækra-
styrk til Jóns Björnssonar, Hverfisg. 58
Kvittun óskast við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
31. okt. '09

16.

Jeg sendi yður, herra gjaldkeri, 3198 – þrjú þúsund eitt hundrað og níutíu krónur, sem er styrkur úr landssjóði til barnaskóla Reykjavíkur.
Kvittun óskast. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Nov. 1907.



På et nylig afholdt möde i vand-
værksudvalget blev ingeniör S. Thoroddsens
indberetning af 30. f. m. angående vand-
ledningen fra Gvendarbrunnen til Rauðar-
árholt fremlagt og har udvalget besluttet,
för end noget videre bliver foretaget an-
gående den, at afkræve dem et skrift-
ligt tilsvar på hver enkelt af de i
indberetningen anförte ankeposter.

Samtidig med at meddele dem dette
og anmode dem om at efterkomme
udvalgets beslutning sender jeg hoslagt
Thoroddsens indberetning, som jeg önsker
retourneret med deres svar. Det bemærkes
at jeg har ikke fået tid til at få den over-
sat på dansk. Hvis De önsker dette venter jeg at
få den imorgen tidlig og oversættelsen vil
da blive besörget i dagens löb.

Vandværksudvalget holder igen möde
på mit kontor imorgen kl. 7 e. m. og om
muligt önsker jeg at have deres svar i
hænde för mödets begyndelse.

Med högagtelse
Páll Einarsson

Hr.
Ingeniör N. A. Hansen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 170

Með brjefi dags. 18. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 40 - fjörutíu krónur frá Beruneshreppi til endurgjalds á legukostnaði Guðlaugar Gunnlaugsdóttur, er fátækrastjórnin hafði lagt út til bráðabyrgða.

Fyrir þessum 40 - krónum kvittast hjer með. -

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1982

4. nóvbr. 9 [illegible]

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40 – fjörutíu krónur –, sem er endurgjald frá Beruneshreppi í Suður-Múlasýslu á legukostnaði Guðlaugar Gunnlaugsdóttur og borgað var úr fátækrasjóði hinn 12. maí f.á.
Kvittun óskast. –

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 172

Fátækranefndin hefur á fundi 28. f. m. samþykkt að veita Vilborgu Sigurðardóttur 15 kr. meðlag á mánuði hverjum með syni hennar Guðbrandi Sigurðssyni, frá 1. okt. að telja. –

Þetta tilkynnist yður, herra gjaldkeri, hjermeð. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1991

4. nóvbr. 9 172

Fátækranefndin hefur á fundi 28. f. m. samþykkt að veita Vilborgu Sigurðardóttur 15 kr. meðlag á mánuði hverjum með syni hennar Guðbrandi Sigurðssyni, frá 1. okt. að telja.–

Þetta tilkynnist yður, herra gjaldkeri, hjer með.–

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

173

4. nóvbr. 9

Fátækranefndin hefur samþykkt, samkvæmt ósk yðar, að greiða árs meðlag með drengnum Óskari Magnússyni 12 ára gömlum, 40 krónur, frá 1. okt. þ. á. að reikna, sem sveitlægur er hjer í Reykjavík. –

Herra
Hannes Hannesson, Vegamótum í
Garði. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

174

4. nóvbr. 9

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur ákveðið að greiða Hannesi Hannessyni á Vegamótum í Garði 40 kr. árs meðlag með drengnum Óskari Magnússyni, 12 ára gömlum, sveitlægum í Reykjavík, frá 1. okt. þ. á. að reikna.

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fellir

175

4. nóvbr. 9

Fátækrastjórnin hjer, hefur orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði Filippíu Þorkelsdóttur, Kristjánshúsi, sem sveitlæg mun vera í Höfnum í Húnavatnssýslu. Eru það því til mæli mín, að þjer, herra sýslumaður, vildi þóknast, að útvega mjer sem fyrst viðurkenningu fyrir sveitfesti nefndrar stúlku.

Skýrsla um æfiferil Filippíu ásamt brjefi Matth. Þórðarsonar, skipstjóra fylgir hjer með.

Til
sýslumannsins í Húnavatnssýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 176

Jón Björnsson, Hverfisg. 58, sem sveitlægur er í Glæsibæjarhreppi, hefur þ. 21. sept. þ.á. þegið fátækrastyrk að upphæð 30 krónur, og leyfi jeg mjer að mælast til að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að innheimta 2/3 hluta af nefndri upphæð hjá Glæsibæjarhreppi, og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til
sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. '09

Með heiðruðu brjefi dags. 20. f. m. hefur hið háa stjórnarráð sent mjer til umsagnar brjef stjórnarráðs utanríkismálanna í Danmörku, dags. 7. s. m., en í brjefi þessu er skýrt frá því, að franski sendiherrann í Kaupmannahöfn hafi kvartað yfir því, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi neitað að leyfa franska vicekonsúlnum hjer að vátryggja hús, er hann sje að byggja hjer til afnota fyrir konsulatið.

Til svars þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst að skýra frá því, að það er alls ekki rjett, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi á nokkurn hátt hindrað konsúl J. Brillouin í því að fá vátryggt íbúðarhús það, sem hann hefur látið byggja hjer í bænum. Öll hús bæjarins eru vátryggð í brunabótafjelagi hinna dönsku kaupstaða. Þegar hús J. Brillouin var fullbúið, var það eins og öll önnur hús bæjarins virt til brunabóta. Fór sú virðing fram 8. sept. þ. á., eins og meðfylgjandi eptirrit af virðingargjörðinni, sem staðfest er með undirskript konsúls Brillouin sýnir, og samkvæmt 17. gr. reglugjörðar brunabótafjelagsins er húsið frá þeim degi eldsvoðaábyrgð ...

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt brunabótalögum bæjarins og samkomulagi við brunabótafjelag hinna dönsku kaupstaða, á bæjarstjórnin að samþykkja allar brunabótavirðingar. Að því er snertir íbúðarhús konsúls J. Brillouin var þetta gjört á fundi bæjarstjórnarinnar 23. sept. þ.á. Jeg sendi hjer með eptirrit úr bæjarstjórnarbókinni, er sannar þetta. – Jafnframt því sem brunabótavirðingin var samþykkt, ljet bæjarstjórnin þess getið, að húsið fullnægði ekki ákvæðum byggingarlaga kaupstaðarins, en þeim hefur konsúllinn ekki viljað hlýða eins og jeg áður hef skrifað hinu háa stjórnarráði. Bæjarstjórninni var skylt að gjöra þessa athugasemd, því hún ber ábyrgð á því, að byggingarlögunum sje fylgt. –

Hinsvegar ber ~~[illegible]~~ eptirritið úr gjörðabókinni það með sjer, að bæjarstjórnin vildi ekki að svo komnu samþykkja brunabótavirðinguna á <u>hesthúsi</u>, er konsúll Brillouin hefur gjört hjá nefndu íbúðarhúsi sínu. Þar hesthús þetta hefur hann byggt í óleyfi, og ekki viljað sækja um byggingarleyfi fyrir það, og mæla byggingarlögin svo fyrir, að slík hús skuli rífa niður ~~[illegible]~~ nema leyfi sje fengið til að láta þau

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

standa. Þessu ákvæði hefur þó byggingarnefndin ekki ennþá viljað beita í þeirri von að lagfæring komist á þetta.–



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur